Ibúðar- og verzlunarhús, 4 hæðir, ris m/kvisthæð og 2 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, sum skilrúm steypt, hin flest úr múrhúðuðu timbri, húðað utan marmara- og tinnusalla á framhlið, en hraunhúðað á bakhlið, klætt innan vikurplötum, nema á þakhæð er klætt múrhúðuðu timbri og með þaki úr timbri, pappa og eternitskífu eða bárujárni. Á 1 hæð eru 2 sölubúðir og skrifstofa, allt málað og dúklagt, ennfremur undirgangur og stigagangur með terrassogólfum. Á 2. hæð eru 5 skrifstofur, snyrtiherbergi m/v.s., og stiga-hús, málað og dúklagt. Á 3. hæð eru 5 skrifstofur, snyrtiherbergi m/v.s. og stiga-hús, allt málað og dúklagt. Á 4. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, stiga-hús og v.s. m/handlaug, allt málað og korkur á gólfum. Á þak-hæð eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s. og handlaug, stiga-hús, gangur og 7 fastir skápar, allt málað, herbergin dúklögð, en gúmmí á gangi, baðherbergi og stiga. Í kjallara eru 3 stórar geymslur, ein þeirra með olfumiðstöð og anddyri, allt grófhúðað.

Stærð hússins: Ml. 13.5 m.mbr. 8.4 m. h. 12.8 m. ris 2.2 m.

" kjallara : " 13.5 m. " 9.5 m. h. 2.7 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

692.100.-✓

Gata og númer:

Skólavörðustígur 3A.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
(10/4/1945.) (28/1/1946.) (17/7-'47) 30/8 '54	
<p>Íbúðar- og veitingahús, þrílyft, með porti og risi, úr járnbentri steinsteypu. Þakið er úr plögðum borðum, pappa og bárujárni. Á þakinu eru 2 smákvistir. Í neðstu hæðinni er veitingasalur og sælgetisverzlun. Veggir eru múrhúðaðir og málaðir, einnig loftið. 2 smá skilrúm eru þar úr krossviði. Loftið yfir þessari hæð er úr steinsteypu og undir því bitar úr járnbentri steinsteypu og steyptar stöðir undir þeim til styrktar. Öll önnur loft og gólf eru úr timbri og milligólf í bitalögum. Í annari hæð eru 5 íbúðarherbergi, v.s. og 2 gangar. Veggir eru kalksléttaðir og veggfóðraðir, en strigi og pappír á loftum og þau eru máluð. Í 3. hæð er sama herbergjaskipun en skilveggir eru úr timbri og útveggir allir þiljaðir innan og loft, ýmist veggfóðrað eða málað. Þar er baðherbergi með kerlaug og v.s. Í efstu hæð eru 6 herbergi, þiljuð, veggfóðruð og máluð. Geymslukjallari er undir öllu húsinu. Í því eru 3 eldhús m/rafeldavélum og 4 v.s. alls.</p> <p>Stærð: L. 11.3 m. br. 10.0 m. h. 9.0 m. ris 3.8 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inn- og uppgönguskúr er við vesturgöfl hússins, byggður eins og það. Stigar eru úr timbri.</p> <p>Stærð: L. 2.8 m. br. 3.2 m. h. 11.6 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	306.000.-
<p>Húsið hefir fengið miklar endurbætur frá síðasta mati, 10/4/1945, einkum aðalhäðin (fyrsta hæð) og stigagangur. Gólfdukar allir hafa verið endurnýjaðir og veggfóðrað og málað. Þar sem áður var í-búð eru nú lækningastofur.</p> <p>Stærð: L. 11.3 m. br. 10.0 m. h. 9.0 m. ris 3.8 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr: L. 2.8 m. br. 3.2 m. h. 11.6 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	364.500.-
<p>Húsið hefir verið endurbætt frá síðasta mati 28 jan. 1946 á þann hátt, að gólf neðstu hæðar, sem áður var úr timbri, er nú úr járnbentri steinsteypu klætt mahognyspáni í 2 m hæð allt umkring í veitingasalnum, gólfið dúklegt og gerð 2 snyrtiherbergi þar og eldhús m/rafeldavél. Hita og raflagnir endurbættar og teakhurð sett fyrir útidyr. Í kjallara hefir verið gert snyrtiherbergi og íbúðarherbergi með asbestskilrúmunum og málað. Inngönguskúr hefir verið endurbættur, klæddur innan með asbesti og málaður.</p> <p>Íbúðarhús m/m: L 11.3 m, br. 10.0 m, h. 9.0 m, ris 3.8 m, kj. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr: L 2.8 m, br. 3.2 m, h. 11.6 m, skápak kj. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er virt á.....</p>	422.800.-

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 30/8 1954

Metið kr

Óbreytt að stærðum frá síðasta mati 17. júlí 1947, en innan húss hafa farið fram alls konar endurbætur, allir gluggar nýir og húsið málað.

Ibúðar-veitingahús: L. 11.3 m. Br. 10.0 m. H. 9.0 m. ris 3.8 m. kj. 1.9 m.

Inngönguskúr : L. 2.8 m. Br. 3.2 m. H. 11.6m. flatt þak kj. 1.9 m.

Alls 1.567.36 m³

Húsið með inngönguskúr og tilheyrandi er metið ákr. 1.018.800.-

Kr. 1.018.800.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 4.

Möt framkvæmd: (1/10/1943) (16/8/45) (20/7/1950.) 20/3/1952.	Metið kr.
<p>Íbúðar og verzlunarhús, úr grásteini, með járnþaki á langböndum. Í aðal hæðinni eru 2 sölubúðir, 2 saumastofur og gangur. Allt þiljað, herbergin lögð striga og pappír á veggjum og loftum og allt málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, gangur og eldhús. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 7.5 m. h. 3.6 m. ris 2.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður úr bindingi, klæddur utan</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.2 m. h. 2.4 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>78.700 - 58.580.-</p>
<p><u>Virt 16/8/1945</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. október 1943, sbr. lýsingu 26. febrúar 1919.</p> <p>Stærð hússins : L 8.8 m. br. 7.5 m. h. 3.6 m. ris 2.9 m.</p> <p>" inngönguskúrs: L 2.2 m. br. 2.2 m. h. 2.4 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>78.700.00</p>
<p><u>Virt 20/7/1950.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 16. ágúst 1945.</p> <p>Verzlunar- og íbúðarhús: L 8.8 m. br. 7.5 m. h. 3.6 m. ris 2.9 m.</p> <p>Inngönguskúr : L 2.2 m. br. 2.2 m. h. 2.4 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>118.400.00</p>
<p><u>Virt 20/3/1952.</u></p> <p>Húsið hefir tekið miklum breytingum frá síðasta mati 20. júlí 1950: Allt hefir verið rifin innan úr húsinu á hæðinni, gólfíð lækkað, steinsteypt og dúkklagt, vikurklæddir allir veggir, múrhúðaðir og málaðir, loftið texklætt og málað, ný útidyrhurð úr eik sett fyrir dyrnar, gluggum breytt í 4 stóra sýningarglugga með yfirgluggum og útbúið nýtt v.s. m/handlaug. Þar er nú álnavörubúð og smáskrifstofa. Ný fráræzla og götuhlið máluð.</p> <p>Verzl.- og íbúðarhús: L 8.8 br. 7.5 h. 3.6 ris 2.9 = 330.0 m³</p> <p>Inngönguskúr : L 2.2 br. 2.2 h. 2.4 skápak = 11.62 m³</p> <p style="text-align: right;">341.62 m³</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>160.600.00</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 4a.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verzlunarhús, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa og járn þar yfir á 2 vegu og baki, en eldvarnarveggir eru að austan og sunnan. Í neðri hæð hússins er sölubúð, með búðarinnréttingu, skrifstofa og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í búðinni eru 2 vörusýningargluggar. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og geymsluklefi. Allt með sama frágangi eins og er í neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, framloft og geymsluklefi. Allt þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 7.1 m. br. 5.8 m. h. 5.7 m. ris 2.8 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	38.890.-
b. Geymsluhús er byggt eins og húsið sjálft.	
Stærð: L. 4.1 m. br. 3.1 m. h. 2.4 m. skáþak.	
Húsið er virt á.....	1.240.-
Santals	40.130.- ^v

Gata og númer:

Skólavörðustígur 4 b.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi, úr bindingi, klætt utan plögðum 1" borðum, pappa og járnþak yfir á veggjum og þaki. Eldvarnarveggur er að norðanverðu. Í binding er fyllt með marhálmi. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í neðri hæðinni. Í rishæðinni er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað, geymsluherbergi og gangur. Stærð: L. 5.7 m. br. 5.8 m. h. 5.7 m. ris 2.8 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virtá.....	23.300.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á plögðri borðasúð, með þappa á milli. Í honum er timburgólf og hann er hólfaður í tvennt. Kjallari með steinsteypugólfi er undir skúrnum, sömuleiðis hólfaður í tvennt. Stærð: L. 4.2 m. br. 2.7 m. h. 2.2 m. skáþak.</p>	
Skúrin er virtur á.....	1.900.-
Santals	25.200.-
=====	

Gata og númer:

Skólavörðustígur 4c.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með 2 gluggakvistum, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á 2 vegu og þaki. Eldvarnarveggir eru að sunnan og vestanverðu. Í útveggi er fyllt með sagspónum, en milligólf er í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni er sama herbergjaskipum og frágangur allur eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottahús, 2 geymslukleifar og gangur.</p> <p>Stærð: L. 6.6 m. br. 6.3 m. h. 4.5 m. ris 3.1 m. kjh. 1.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>25.150.-</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 5.

Möt framkvæmd: (1/4/1943, litra c 1/11/1942.) 20/1/1948.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús m/hárgreiðslustofu, tvílyft, með risi og kjallara, úr plögðum 3" plönkum, klætt utan með skífu á norðurhlið, en bárujárnir á suðurhlið og austurgafli. Þak er úr járnri á langböndum. Í neðri hæðinni eru 3 herbergi og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, og þar er frágangur allur eins og er í neðri hæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu, hólfaður í sundur í 4 geymsluklefa.</p> <p>Stærð: L. 7.6 m. br. 7.6 m. h. 5.2 m. ris 0.8 m. kjh. 1.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	53.520.-
<p>b. Viðbygging m/verzlun og gullsmíðavinnustofu, er við vesturgafli aðalhússins, úr steinsteypu á 3 vegu, en binding á þeim hluta, sem hún er tengd við aðalhúsið. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járnri. Í neðri hæðinni er vinnustofa og 2 gangar. Gólf og loft er úr timbri og veggir þiljaðir, strigalagðir og veggfóðraðir. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og eldhús, allt með sama frágangi eins og er í neðri hæðinni.</p> <p>Stærð: L. 4.1 m. br. 10.4 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m.</p> <p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	40.600.-
<p>c. Viðbygging er við austurgafli aðalhússins, úr steinsteypu á 3 vegu og með þaki úr borðasúð, pappa og asbestplötum. Í viðbyggingunni er sölubúð, sem öll er þiljuð innan með maskonite-plötum og máluð innan. Steinsteypugólf er í viðbyggingunni. Ekki er eldvarnarveggur á milli hússins og viðbyggingarinnar.</p> <p>Stærð: L. 3.2 m. br. 7.5 m. h. 3.0 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	12.780.-
	Samtals 106.900.-
=====	
20/1/1948.	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. nóv. 1942 og 1. apríl 1943, að öðru leyti en því, að risið hefir verið hækkað á íbúðarhúsi og viðbyggingu og nú er verzlun í íbúðarhúsinu í stað hárgreiðslustofu.</p>	
A. Íbúðar- og verzlunarhús : L 7.6 m., br. 7.6 m., ris 3.0 m., kj. 1.6 m.h. 5.2 m.	
B. Gullsmíðastofa og verzl.: L 4.1 m., br.10.4 m., ris 3.0 m. h. 5.7 m.	
C. Verzlunarhús : L 3.2 m., br. 7.5 m., skápak. h. 3.0 m.	
Húsið, ásamt gullsmíðastofu og verzlunarskúr og tilheyrandi, er virt á.....	206.800.-
	=====

Gata og númer:

Skólavörðustígur 6.

Möt framkvæmd: (1/10/1943.) (16/8. 1945) 20/7/1950.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á 2 vegu og þaki. Í aðalherberginu eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 skápar. Allt þiljað og herbergin strigalögð, veggfóðruð og máluð. Í rishæðinni er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað og framloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er geymsla.</p>	
Stærð: L. 9.9 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 1.9 m. kjh. 1.7 m.	
Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 2.2 m. skápak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	<p>71.700.- 49.600.-</p>
<hr/>	
<u>Virt 16/8/1945</u>	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. október 1943, sbr. lýsingu 26. febr. 1949.	
Stærð hússins : 9.9 m. br. 6.3 m. h. 2.5 m. ris 1.9 m. kjh. 1.7 m.	
" inngönguskúr: 1.9 m. br. 1.9 m. h. 2.2 m. skápak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	71.700.00
<hr/>	
<u>Virt 20/7/1950.</u>	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 16. ágúst 1945.	
Íbúðarhús : L 9.9 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 1.9 m. kj. 1.7 m.	
Inngönguskúr: L 1.9 m. br. 1.9 m. h. 2.2 m. skápak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	112.300.00

Gata og númer:

Skólavörðunustígur 6b.

Möt framkvæmd: (15/10/1943.) (16/8/1945.) (21/4/1947.) 20/7/1950.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og trésmíðahús, úr bindingi, klætt utan með plægðum 5/4" borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í neðsta bitalagi er milli-gólf og pappi erinnan á binding efri hæðarinnar. Í neðri hæðinni er trésmíðasalur, þiljaður og oliuborinn, og með járnfóðruðu lofti, skrifstofuherbergi, þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað og 2 gangar, þiljaðir og málaðir. Í efri hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, 2 gangar og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi og geymslur.</p> <p>Stærð: L. 16.3 m. br. 8.8 m. h. 6.3 m. ris 3.4 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurgöfl hússins, með eldvarnarvegg að austanverðu, en að öðru leyti byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 8.8 m. h. 5.0 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	212.000.-
<p>b. Vélahús, úr steinsteypu, með steinsteypulofti og þar yfir er járnþak á pappa og borðasúð. Í neðri hæðinni er vélasalur allur múraléttaður innan. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Skilveggir þar uppi eru úr steinsteypu og innan á útveggjum er borðagrind, allt þiljað innan með cello-texplötum og ýmist veggfóðrað eða málað. Á milli vegg vélasalsins og trésmíðasalsins er stálhurð. Vélahúsið er sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 5.6 m. br. 8.7 m. h. 6.3 m. ris 3.4 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	56.610.-
<p>c. Þvottahús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í því er steinsteypugólf.</p> <p>Stærð: L. 3.8 m. br. 3.2 m. h. 2.9 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	3.650.-
	Samtals 272.260.-
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 15/10/1943, en þó er í undirbúningi stóraðgerð. Þar er nú ekki lengur trésmíðarekstur.</p> <p>A. Aðal húsið: L. 25.0 m. br. 8.8 m. h. 6.3 m. ris 3.4 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>B. Þvottahús: L. 3.8 m. br. 3.2 m. h. 2.9 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	328.600.-
	3.650.-
	Samtals 332.250.-
=====	

Gata og númer:

Skólavörðustígur 6 b.

Möt framkvæmd:

Metið kr

Húsið er óbreytt hið ytra frá síðasta mati 16. ágúst 1945, en hefur verið breytt gagnert hið innra og er nú veitingahús. Á neðri hæð er stór veitingasalur klæddur gipsplötum á útveggjum, en striga og pappa á lofti og allt málað. Gólf er lagt eikarkubbum. Stórt anddyri klætt gipsplötum og hurð inn til salsins klædd járni. Þar er og fatageymsla og afgreiðsluborð og innar 2 hreinlætisherbergi m/v.s., Stigagangur er upp á efri hæð. Þar er minni samkvæmissalur með eikargólfi, allur málaður, klæddur ýmist striga og pappa eða gipsplötum og málaður. Þar er enn fremur lítið fundaherbergi, 2 afgreiðsluherbergi, 2 hreinlætisherbergi og fatageymsla, stigagangur, skrifstofuherbergi, dyravarðarherbergi og eldhús og 2 húsgagnabólstrunarherbergi. Á neðri hæðinni er vantalið afgreiðsluherbergi í enda salsins með afgreiðsluborði. Í risi er 2 svefnherbergi, geymsla og þurrkloft. Í kjallara er stórt eldhús með stórrri eldavél og hitunarpönnu, uppþvottherbergi, geymslur o.fl. Kæligeymsla hefur verið gerð úr gegnumgangi við enda hússins. Miðstöðvarhitum er í húsinu.

a. Veitingahús: L. 25.0 m. br. 8.8 m. h. 6.3 m. ris 3.4 m. kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á 572.000.-

b. Þvottahús: L. 3.8 m. br. 3.2 m. h. 2.9 m. skáþak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á 2.100.-

Samtals 574.100.-

Virt 20/7/1950.

Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta mati 21. apríl, en hefir verið mikið endurbætt innan og breytt innréttingu kjallara og efsta lofti. Á neðri hæðinni hefir verið þiljað með harðviði neðan á alla veggj samkomusalsins, máluð forstofa og snyrtiherbergi, nýr stór hljómsveitarpallur smíðaður og festur í gólf í salnum, nýtt handrið sett á stigann og nýjar eikarhurðir, settar fyrir báðar útidyr. Á efri hæð hefir eldhúsið og gangurinn verið málað og nýir dúkar settir á stigann milli hæðanna. Á þakhæð hefir verið innréttað stórt herbergi í vesturenda og 2 minni í austurenda, panelklædd innan og múrpípunni komið upp úr þakinu og útbúin til loftrásar úr kjallara. Í kjallara hefir verið útbúið v.s. m/handlaug, timburþiljað, enn fremur smáborðstofa og 4 smáherbergi til geymslu, vikurhlaðnir veggir milli allra stoða, svo að 2 gangar myndast, allt múrhúðað og hvíttað og gluggar málaðir; rífið var niður allt stoppruð neðan undan loftinu öllu og múrhúðað utan með því og allir

Gata og númer:

Skólavörðustígur 6B

Möt framkvæmd: 20/7/1950 frh.	Metið kr.
<p>bitar málaðir. Eldhús og uppþvottaklefi málað og bæði gólfir lögð terrassó, kælimirúmið stúkað í sundur með vikurhlöðnu skilræmi með dyrum og hurð fyrir og útidyrhurðin járnklædd utan. Nýjar hurðir og skrár fyrir allar geymslur Raflögninni allri breytt og hún mikið bætt og aukin. Húsið málað utan og gluggar kíttaðir og málaðir. Þvottahúsið er óbreytt.</p>	
<p>A. Veitingahús: L 25.0mbr. 8.8 m. h. 6.3 m. ris 3.4 m. kj. 2.0 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	748.000.-
<p>B. Þvottahús : L 3.8 m. br. 3.2 m. h. 2.9 m. skápak.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	3.500.-
	<p style="text-align: right;"><u>Samtals krónur</u> 751.500.-</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 8.

Möt framkvæmd: (1/3/1941.) 13/6/1952.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Að innan er það allt þiljað með panel og íbúðarherbergin strigalögð og allt ýmist veggfóðrað eðamálað innan. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, fataskápur og anddyri. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og 2 gangar. <u>Kjallari er undir ½ húsinu, til geymslu.</u> Húsið er allt málað utan.</p> <p>Stærð: L. 12.0 m. br. 6.2 m. h. 5.1 m. ris 1.0 m. kjst. L. 6.0 m. br. 3.1 m. h. 1.6 m.</p> <p>b. Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.0 m. br. 1.7 m. h. 4.8 m. skápak.</p> <p>c. Inngönguskúr er við húsið, sumpart byggður úr steinsteypu, en að nokkru leyti úr timbri, járnvarinn.</p> <p>Stærð: L. 2.0 m. br. 2.0 m. h. 2.8 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	26.394.-
<p>b. Þvottahús, er við suðurhlíð litra b, úr steinsteypu, sementssléttað utan og innan og með járnþaki á pappa og borðasúð. Neðan á bitum er borðaklæðning, reyrklædd og kalkdregin. Í húsinu er steinsteypugólf. Þar er v.s.</p> <p>Stærð: L. 3.8 m. br. 3.8 m. h. 2.1 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	900.-
<p>6. Geymsluhús, á sömu lóð, úr bindingi, klætt utan með listuðum borðum á veggjum og með járnþaki á langböndum. Í því er loft og gólf úr timbri. Það er hólfað í sundur í tvennt. Eldhús er í öðrum enda þess, þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 7.1 m. br. 3.3 m. h. 1.4 m. ris 1.9 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	1.120.-
<p>d. Veitingaskáli, þar sem áður var bifreiðaafgreiðsla. Skúrinn hefur allur verið endurbyggður, þiljaður innan, veggfóðraður og málaður, sett í hann dúklegt, trégólf og framhlíð hans öll ný. Þar er óskiptur veitingasalur.</p> <p>Stærð: L. 8.1 m. br. 3.0 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Veitingaskálinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	4.250.-
	Samtals 32.664.-

Virt 13/6/1952.

Húsið hefir tekið nokkrum breytingum frá síðasta mati, 1. marz 1941.

Stafl. A. íbúðarhús: Efri hæðin er óbreytt. Á neðri hæð er nú skartgripaverzlun í 2 búðum, v.s. m/handlaug, baðherbergi m/v.s., sitt herbergið inn af allt nýmálað og dúklegt hvorri búð og gangur; / ennfremur er nýtt rafmagnskerfi í húsinu og hitaveitunú við

Gata og númer:

Möt framkvæmd: frh.	Metið kr
lögn. Kjallarinn er nú aðeins steinsteyptur smáklefi fyrir miðstöðvar-kerfið.	
A. Íbúðar-og verzl.h.: L 12.0 br. 6.2 h. 5.1 ris 1.0 = 416.64 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	270.800.00
B. Þvottah., óbreytt : L 3.8 br. 3.8 h. 2.1 skáþak = 30.32 m ³	
Þvottahúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	6.100.00
Stáfl. C. hefir verið hækkaður undir loft og stækkaður lítið eitt úr sama efni og er þar nú vefnaðarvöruverzlun í einu herbergi, auk þess skrifstofa og geymsla og v.s., allt þiljað krossviði. Í staflíð D. er nú skiltabúð og verkstæði innaraf og v.s., allt málað og dúklagt; ennfremur hefir þar verið hækkað undir loft. Báðir þessir staflíðir eru nú sameinaðir í	
C.-D. verzlun: L 10.8 br. 10.0 h. 3.0 skáþak = 324.00 m ³	
Verzlunarhúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	145.800.00
	<u>Samtals krónur 422.700.00</u>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 9.

Möti framkvæmd: 21/2/1942.

Metið kr.

Hegningarhús, úr grásteini, með þaki úr timburskarsúð og þakhellu þar yfir. Skilveggir eru úr bindingi, hlaðnir upp með mürsteini. Útveggir eru asfalteraðir innan. Þeið og skilveggirnir eru kalksléttaðir, allt málað. Gólf og loft eru úr timbri. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, vinnustofa, fanganna, geymsluherbergi, gangur eftir endilöngu húsinu, 5 anddyri, 10 fangaklefar, 2 baðherbergi, bókaherbergi, fataklefi, v.s. og fastur skápur. Loft eru kalksléttuð á reyr, allt málað. Í efri hæðinni eru 6 herbergi og 3 gangar. Allt með sama frágangi eins og er í neðri hæðinni. Á efstu bitalögum eru gólfborð. Þar uppi er geynsla. Kjallari er undir vestur-enda hússins, þar er þvottahús, miðstöðvarklefi og 3 geymsluklefar.

Stærð aðalhússins: L. 18.3 m. br. 11.6 m. h. 6.6 m. ris 3.2 m. kjh. 2.0 m.

" viðbyggingar: L. 24.7 m. br. 10.1 m. h. 3.2 m. ris 2.5 m. kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

311.425.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 10.

Möt framkvæmd: (14/4/1945, d 26/11/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum og með járni þar yfir á suðurhlíð og austurgafli, allt múrhúðað með kvarz og tinnu. Þak er úr borðasúð með þakhellum yfir. Í aðalhæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað innan og ýmist veggfóðrað eða málað. Skilveggir eru úr plönkum. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi og framloft, allt þiljað og málað. Kjallari til geymslu, er undir <u>1/3 hluta hússins</u>.</p> <p>Stærð: L. 11.3 m. br. 6.0 m. h. 2.5 m. ris 2.9 m. kjh. 1.8 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður úr bindingi, klæddur utan borðum og með járnþaki á borðasúð.</p> <p>Stærð: L. 1.6 m. br. 2.0 m. h. 20 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	55.200.-
<p>b. Verzlunarhús, einlyft, með lágu risi, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Innan á útveggi er þiljað og stoppað á milli þiljanna með sagsþónum. Í því er sölubúð með borðum og skápum, skrifstofa og gangur, allt þiljað, strigalagt og pappírslagt og veggfóðrað eða málað. Skilveggir eru úr timbri og þiljað er þar neðan á loftbita.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 5.0 m. h. 3.5 m. ris 0.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	42.900.-
<p>c. Geymslu- og smíðahús, úr steinsteypu, með járnþaki á þappa og borðasúð. Í því er timburskilrúm og annar endinn þiljaður innan og notaður fyrir trésmíðastofu. Dyr með tréhurð eru á milli þessa húss og verzlunarhússins, sem er við annan gafi þess.</p> <p>Stærð: L. 14.9 m. br. 3.1 m. h. 2.6 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	18.000.-
	Samtals 116.100.-
<p>d. Afast við litra a og innangengt í það hefir verið byggð veitingastofa, hlaðin úr vikurholsteini með þaki úr borðum, pappa og járni. Innan á útveggjum er pappi og trétex á listum og klætt yfir með eikarkrossviði, póleruðum. Gólf er steinsteypt og dúklagt. Þar eru afþiljaðir 2 snyrtiklefar m/3v.s. og handlaugum. Afgreiðsluborð og hillur eru í veitingastofunni. Byggingin er múrhúðuð með marmarasalla að utan.</p> <p>Stærð: Meðall. 5.2 m. br. 4.8 m. h. 3.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	24.000.-
	Samtals 140.100.-

Möt framkvæmd: 26/6/1969

Metið kr.

Sparisjóðsstarfssemi og skrifstofur.

Húsið, sem er 3 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með kork og glerull. Klætt utan með steinskífu, hertu gleri og foam-glas. Þakið er steipt, einnig klætt þakpappa. Hitaveita, lofthitun.

1. hæð: Burðarsúlur, gólf- og loftplata og veggir um stiga og lyftu úr járnbl. steinst. Upphengt loft úr járnörum, máluðu gata-"masonit" og glerull. Steinskífa á stiga-húsi, afgreiðslusal (fyrir utan disk) og skrifstofuherbergi að Skólavörðustíg. Korkur eða vinyl-flísar á öðrum gólfum. Teppí ofan á gólfefni á öllum skrifstofuherbergjum. Léttir innveggir: Trégrind fyllt með steinull og spónaplötur. Innhurðir spónl. Lýsing innbyggð. Sjálfstætt hita- og loftræsikerfi. Gluggapóstar úr teak. Tvöfalt gler. Ytri rúða neðan við loftræstiristar úr hertu gleri. Steinveggir pússaðir og málaðir.

2. hæð: Burðarsúlur, gólf, veggir um stigahús og loft sbr. 1. hæð. Innveggir: 2¹/₂" trégrind fyllt með steinull og klædd með 3/4" spónaplötum. Hurðir spónl., veggir málaðir. Vinyl-flísar á öllum gólfum nema steinskífa á stigahúsi. Útveggir: "Teak"-póstar, tvöfalt gler (ytri rúður að Skólavörðustíg 13 úr hertu gleri), litað og hert gler undir gluggum að utan en málaðar spónapl. að innan, einangrað á milli með glerull og álþynnu. Skjalageymsla með eldtrausti hurð og 30cm pússuðum vikurveggjum. Allir innveggir málaðir, lýsing innbyggð í loft.

3. hæð: Útfærsla eins og 2. hæð.

Kjallari: Gluggalaus úr járnbentri steinsteypu. Útveggir eru einangraðir með 2" korki og pússaðir. Allir veggir nema í kringum snyrtiherbergi og eldhús eru steiptir eða hlaðnir og pússaðir. Vinyl-flísar eða korkur eru á gólfum nema steinskífa á aðalstiga. Eldtraustar hurðir eru á hita- og loftræstiherbergi, skjalageymslu, fjárhirzlu, geymsluhólfum og á milli fordyris fjárhirzlu og gangs að kaffistofu. Timburveggir eru fylltir með steinull og klæddir með glerjuðum flísum í snyrtiherbergjum. Loft og veggir eru annars málað.

Stærð hássins:

$$L \ 16,52m., \ Br. \ 19,40m., \ H. \ 13,5m., \ = \ 4.320 \ m^3$$

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 23.760.000.-

Ath.: Teppí eru ekki innifalin í tryggingunni.

Möt framkvæmd: 1/4. 1943 - 9/3/1948 Viðbygg. við stafl A.	Metið kr.
<p>b. Trésmíða- verzlunar- og skrifstofuhús, fjórlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Í húsinu eru 4 loft, burðarbitar og stoðir undir loftum úr járnþentri steinsteypu. Innan á útveggjum eru einangrunarplötur úr spónasteypu. Allir útveggir eru múrhúðaðir og grænlituð að utan. Að innan er öll steypa, múrsléttuð og olíumáluð. Í neðstu hæðinni er sölusúð, trésmíðasalur, skrifstofa, v.s. og anddyri. Önnur hæð er ósundurhólfuð. 3. hæðin er hólfuð í sundur í 11 skrifstofur, v.s., snyrti, fataklefa, anddyri og 3 gangar. Í 4. hæðinni eru 7 skrifstofur, fundarsalur, afgreiðsluherbergi, snyrtistofa m/ handlaug, 2 v.s., anddyri og gangur. Allir skilveggir í þessum 2 efstu hæðum eru úr bindingi með tvöföldum asbestþiljum, olíumáluðum. Í kjallaranum er trésmíðasalur, smíðastofa, 4 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s. og stigagangur. Í húsinu eru 2 stigar úr tré. Bak við aðalhúsið er geymsluskúr, einlyftur, úr steinsteypu, bæði bak og veggir. Skúrinn er byggður á aukakjallara, sem áður var á baklóð hússins. Stærð hússins: L. 26.6 m. br. 10.0 m. h. 11.7 m. ris 1.0 m. kjh. 2.4m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 528.680.-</p> <p>Stærð geymsluskúrs: L. 6.5 m. br. 5.9 m. h. 2.4 m. sl. bak kjh. 3.1 m.</p> <p>" aukakjallara: L. 10.2 m. br. 5.9 m. h. 3.1 m.</p> <p>" gangur: L. 6.7 m. br. 1.6 m. h. 3.1 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt aukakjallara og gang, er virtur á..... 16.020.-</p>	
<p>a. Íbúðar- og verzlunarhús, þrílyft, með hálfhringmynduðum kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og eternitplötum. Í húsinu eru 4 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og nokkrir skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttuð. Í neðstu hæðinni eru húsgagnabúð, alm. verzlunarbúð, hárgreiðslustofa, vélasalur, geymsluherbergi, 2 gangar, stigahöll og v.s. Hér eru útveggir ófóðraðir innan, en allt múrsléttuð og hvítuð, þar sem um steinsteypu er að ræða. 2 skilveggir eru úr timbri, vírlögðu og múrsléttuðu og veggfóðrað. Í 2 næstu hæðum eru í hvorri fyrir sig 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi m/v.s., (þvottaherbergi) 2 fastir skápar, 4 gangar og anddyri. Í rishæð eru 5 íbúðarherbergi eldhús, baðherbergi m/v.s., þvottaherbergi, þurrkherbergi, 5 geymsluklefar, 2 fastir skápar, 2 gangar og anddyri. Í kjallara eru 6 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og 2 gangar. Hér eru 3 skilveggir úr timbri. Aðrir skilveggir og loft eru úr steinsteypu. Í 2. og 3. hæð eru þiljur innan áborðagrind</p>	<p>Flyt 544.700.-</p>

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr
<p style="text-align: right;">Flutt</p> <p>með pappa í á útveggjunum. Þverskilveggir eru þar úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Allar þiljur eru vírlagðar eða málaðar innan. Í rishæð eru flest allir skilveggir úr binding með tvöföldum þiljum og að því er íbúðarherbergin snertir strigalögð, veggfóðruð og máluð, nema baðherbergi og þvottahús. Þar er vírlagt og múrsléttað. Í neðstu hæðinni eru 6 vörusýningargluggar, Stigar eru úr steinsteypu, framstíginn er bryddaður með gúmmí og gúmmíúkar eru á öllum 5 baðherbergingólfum. 2 veggpallar eru á húsinu. Það er að mestu múrsléttað utan.</p> <p>Stærð: Meðall. 20.8 m. meðalbr. 10.2 m. h. 8.7 m. ris 3.3 m. kjh. 2.7 m.</p>	<p>544.700.-</p>
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p style="text-align: right;">Samtals</p>	<p>410.190.-</p> <p>954.890.-</p>
<p>9/3/1948. Viðbygging við stafl a.</p> <p>Trésmíðavinnustofa, viðbygging við stafl a., 1 hæð og lágt ris, byggt úr steinsteypu, en með timburgólfi, slétthúðað utan, klædd innan asbestplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Hitaveita er í stofuna.</p> <p>Stærð trésmíðastofunnar: Meðall. 13.1 m., br. 11.0 m., h. 3.0 m., ris 1.4 m.</p>	<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>69.300.-</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 13.

Möt framkvæmd: 21/10/1926.

Metið kr.

Íbúðarhús og verzlunar, tvílyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í neðri hæð þess er sölubúð, með borðum, skúffum, skápum og hillum, geymsluherbergi, v.s. og gangur. Gólf og langskilveggur er úr steinsteypu og loft úr járnþentri steinsteypu. Þverskilveggir eru úr binding með tvöföldum þiljum, lögðum striga og vélapappír. Útveggir, sem og langskilveggur og loftið er allt sementssléttað og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Þverskilveggur er úr binding með tvöföldum þiljum. Þiljað er og neðan á loftbita. Allt þetta lagt striga og vélapappír og öll hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Á þakbitum er gólf og þar uppi er þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu. Hann er með steinsteypugólfi og langskilvegg. Húsið er allt sementssléttað utan.

Stærð: L. 8.8 m. br. 7.7 m. h. 5.8 m. ris 2.4 m. kjh. 1.9 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

30.499.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 13 a.

Möt framkvæmd: (21/4/1943.) (13/4/1946.) 20/5 1955.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Loft er úr járnþentri steinsteypu og gólf og langskilveggur úr steinsteypu, veggurinn sementssléttður beggja megin. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Þverskilveggir eru úr binding, með tvöföldum þiljum. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með nákvæmlega sama frágangi eins og er í neðri hæðinni. Á bakbitum eru plögð gólfborð, þar uppi er þurrkloft og vörugymsluherbergi. Húsið er allt sementssléttuð utan.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 7.7 m. h. 5.8 m. ris 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	76.280.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Skilveggur og gólf er úr steinsteypu. Í skúrnum er geymsluherbergi, þiljað allt innan og með hillum og þvottahús.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	7.360.-
Samtals	83.640.-
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21/4/1943, en geymsluskúr þar sem nú er skósmíðastofa hefir verið endurbættur. Hann er klæddur innan með texti og málaður og sett nýtt timbun-gólf.</p> <p>A. Aðalhúsið: L. 8.8 m. br. 7.7 m. h. 5.8 m. ris 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>B. Skúr: L. 8.8 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	109.300.-
Samtals	13.200.-
Samtals	122.500.-
=====	
<p>Virt 20/5 1955.</p> <p>Hefir frá síðasta mati 13. apríl 1946 tekið þeirri breytingu, að þyggð hefir verið ofan á það ein hæð og port og ris úr steinsteypu, múrhúðað utan, korkklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á nýju hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug og stigaforstofa, allt málað og dúklegt. Þakhæðin er ófrágengin. Annað óbreytt.</p> <p>Íbúðarhús.: L. 8.8 m. Br. 7.7 m. H. 9.4 m. ris 2.5 m. = 725.03 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 507.500.00</p>	

1/51

Gata og númer:

Sogavegur - Grensásvegur (Axel Norðfjörð).

Möt framkvæmd: 28/2/1959.	Metið kr.
<p>Nýtt hús, notað sem sölu- og biðskýli, ein hæð, byggð úr timbri, klætt utan með plötum og með þaki úr timbri, pappa og brújárni.</p> <p>Á hæðinni er biðskýli, söluturn, 1 herbergi, geymsla og v. s. m/handlaug.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.0 m., br. 3.0 m., h. 3.20 m. = 105.60 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	<p>kr. 126.700.-</p>

Gata og númer: SKÓLAVÖRDUSTÍGUR 14

Mót framkvæmd: 23.01.80.	Metið kr.																				
<p>Nýtt hús byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhúðað að utan og með bárujárnsþaki. Húsið er 4 hæðir.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, lager og geymslur og geymsla fyrir íbúð. Allt málað í hólf og gólf. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.</p> <p>Á 2. hæð er stigahús, baðherb. með v.s. og handlaug. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Allt málað í hólf og gólf. Auk þess er á hæðinni ræstingarherb.</p> <p>Á 3. hæð er stigahús, baðherb. með v.s. og handlaug, 3 skrifstofuherbergi, kaffistofa, fundarherb. Allt málað í hólf og gólf. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.</p> <p>Á 4. hæð er stigahús, 3 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðherb. með kerli, v.s. og handlaug. Svalir eru á hæðinni. Innb. skápar eru. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <table border="0"> <tr> <td>L. 10,20 m.,</td> <td>br. 14,80 m.,</td> <td>kj. 3,20 m.</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>" 10,20 "</td> <td>" 14,95 "</td> <td>h. 5,40 "</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>" 10,20 "</td> <td>" 15,39 "</td> <td>" 2,70 "</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>" 10,20 "</td> <td>" 10,78 "</td> <td>" 2,70 "</td> <td>Samtals 2.028 m³</td> <td></td> </tr> </table> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	L. 10,20 m.,	br. 14,80 m.,	kj. 3,20 m.			" 10,20 "	" 14,95 "	h. 5,40 "			" 10,20 "	" 15,39 "	" 2,70 "			" 10,20 "	" 10,78 "	" 2,70 "	Samtals 2.028 m ³		<p>152.100.000,-</p>
L. 10,20 m.,	br. 14,80 m.,	kj. 3,20 m.																			
" 10,20 "	" 14,95 "	h. 5,40 "																			
" 10,20 "	" 15,39 "	" 2,70 "																			
" 10,20 "	" 10,78 "	" 2,70 "	Samtals 2.028 m ³																		

Gata og númer:

Skólavörðustígur 15.

Möt framkvæmd: 1/7/1943. 29/2/1964.

Metið kr.

Íbúðarhús m/trésmíðavinnustofu, einlyft, með porti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan kantsettum 5/4" borðum, pappa og járn þar yfir á veggjum og þaki. Í binding er fyllt með marhálmi. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 4 herbergi (eru 4 herbergi) og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með timburgólf er undir öllu húsinu. Hann er hólfaður í sundur í 2 geymsluklefa, gang og smíðaherbergi, með þiljuðum veggjum og járnfóðruðu lofti.

Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 3.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.2 m.

Viðbygging er við norðurhlíð hússins, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klædd utan með borðum, pappa, listum og járn þar yfir á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi á vesturhlíð, en fyllt í binding með sagspónum á 2 hliðum. Milligólf er í 2 bitalögum. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, gangur og skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr og 2 gangar. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi og gangur. Allt þiljað og málað. Kjallari með steinsteypugólf er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað, 2 geymsluherbergi, gangur og þvottahús.

Stærð: L. 7.5 m. br. 5.2 m. h. 5.6 m. ris 2.8 m. kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

78.200.00

Virt 29/2/1964.

Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati, 1/7/1943, en þær breytingar hafa orðið að allar innréttingar hafa verið endurnýjaðar. Þar er nú 1 salur fyrir verzlun auk vinnustofu snyrtiherbergi m/ tilheyrandi. Rafmagnslögn og hitakerfi hefur verið endurnýjað. Allt málað og dúkl. Þakhæðin er óbreytt, kjallarinn hefur verið grafinn út og sett í hann steingólf, múrað, var áður moldargólf. Nýir gluggar hafa verið settir.

Stærð hússins:

L. 7.5 m., br. 6.3 m., h. 3.8 m., ris 2.8 m., kj. 2.2 m.

L. 7.5 m., br. 5.2 m., h. 5.6 m., ris 2.8 m., kj. 2.2 m. = 708.45 m³.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... kr.

980.000.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 15.

Möt framkvæmd: 14/4/1945.

Metið kr.

Bifreiðaskúr, (áður brnr. 542), úr steinsteypu. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Gólf er að nokkru leyti úr timbri, en nokkuð af því er malborið.

Stærð: L. 5.5 m. br. 3.5 m. h. 26 m. skáþak.

Skúrinn er virtur á.....

5.200.^v-

Gata og númer: SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 16.

Möt framkvæmd: 27/12/1960. 30/9/1967	Metið kr.
<p>Nýtt verzlunar, skrifstofu og iðnaðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri, korki og gosull, húðað marmara og slétt húðað og málað utan og með þaki úr timbri pappa og bárujárni. Húsið er fjórar hæðir, ris, turn og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er húsgagnaverzlun, snyrtiherbergi m/tilheyrandi og gangur. Allt málað og terrasso er á gólfum.</p> <p>2. hæð er eins og 1. hæð, nema þar er dúkur á gólfum.</p> <p>Á 3. hæð eru 9 skrifstofuherbergi, v. s. og handlaug og gangur. Harðviðaskilrúm. Allt málað og dúklagt.</p> <p>4. hæð er ósundurhólfuð, máluð en ódúklögð og er hún notuð sem vörugeymsla. Í þakhæð eru þrjónastofur, v. s. og handlaug og gangur. Hólfað með krossviðarskilrúmmum. Allt málað og dúklagt.</p> <p>Í kjallara er verzlun, snyrtiherbergi og gangur. Allt málað og terrasso á gólfum.</p> <p>Stærð hússins: 3.809.12 rúmm.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á Kr. 3.313.900.-</p>	
<p>Virt:30/9/1967.</p> <p>Húsið óbreytt að stærðum frá síðasta mati 27/12/1960 en ýmsar breytingar hafa verið gerðar. Á 1. hæð eru alveg nýjar innréttingar, á 2. hæð er gjörbreyting frá síðasta mati. Þar eru nú 4 skrifstofuherbergi, 1 fundarsalur 1 biðstofa, 1 snyrtiherbergi m/tilheyrandi, stigahús og inngangur. Milliveggir eru úr steini allt málað og klætt viði ýmist dúklagt eða máluð gólf tvöfalt gler í gluggum. Skápar innbyggðir. Biðstofa máluð og dúklögð. Á 3. hæð þar er stigahús og inng. 1 biðstofa, 2 snyrtiherbergi m/tilheyrandi, 1 kaffistofa 8 skrifstofuherbergi. Allur frágangur er eins og á 2. hæð. Skápar eru innbyggðir.</p> <p>4. hæð er óbreytt kjallari sömuleiðis.</p> <p>Stærð hússins: 3.809.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 12.379.000.-</p>	

Gata og númer:

Skólavörðustígur 17a.

Möt framkvæmd: (1/3/1942.) (15/2/1950.) 30/11 1955 23/10/1965	Metið kr.
<p>m/verzlun Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í neðri hæðinni. Í kjallaranum er sölubúð, vinnustofa, hvortveggja þiljað, veggfóðrað og málað, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi og gangur. Stærð: L. 8.8 m. br. 6.9 m. h. 5.5 m. ris 1.3 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 4.9 m. skápak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>40.476.-</p>
<p>Virt 15/2/1950.</p> <p>Íbúðarhús: L 8.8 m. br. 6.9 m. h. 5.5 m. ris 1.3 m. kj. 2.1 m. inng.skúr: L 1.9 m. br. 2.5 m. h. 4.9 m. skápak. kj. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>150.400.-</u></p>
<p><u>Virt 30/11 1955.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati, 15. febr. 1950, að öðru leyti en því, að í kjallara er nú ein sölubúð nýstandsett.</p> <p>Íbúð-verzl.hús: L. 8.8 m. Br. 6.9 m. H. 5.5 m. ris 1.3 m. kj. 2.1 m. Inngönguskúr : L. 1.9 m. Br. 2.5 m. H. 4.9 m. skápak kj. 2.1 m. Alls 531.15 m³</p> <p>Húsið, með inngönguskúr og tilheyrandi, er metið á kr.</p>	<p>318.700.007</p>
<p><u>Virt 23/10/1965</u></p> <p>Húsið er óbreytt ap stærðum en óska st endurmetið vegna breytt s verðlags. Stærð hússin: L. 8.8 m., br. 6.9 m., h. 5.5 m., ris 1.3 m., kj. 2.1 m. inng. L. 1.9 m., br. 2.5 m., h. 4.9 m., ris skáp. kj. 2.1 m. = 531.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p>903.000.-</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 17 b.

Möt framkvæmd: (21/2/1942.) (12/7/1945) 10/8/1946.	Metið kr.	
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með kvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum á 3 vegu og þaki. Eldvarnargafi er að vestanverðu. Í binding og innan ábinding er pappi og listar og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, skápur og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og skápur. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Trégólf er yfir steinsteypugólfinu í honum hálfum. Þar eru 2 íbúðarherbergi og eldhús með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Ennfremur er þar þvottahús, 2 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 7.8 m. br. 8.2 m. h. 3.6 m. ris 3.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins. Þar eru 2 gangar og v.s.</p> <p>Stærð: L. 2.4 m. br. 2.5 m. h. 5.7 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	26.390.-	
<p>b. Geymsluskúr, úr bindingi m/járnbaki, en pappa á veggjum.</p> <p>Stærð: L. 3.8 m. br. 1.4 m. h. 2.0 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	220.-	
Samtals	26.610.-	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati, að öðru leyti en því að nú er miðstöð í húsinu. Húsið var síðasta metið 21/2/1942.</p> <p>A. Íbúðarhús: L. 7.8 m. br. 8.2 m. h. 3.6 m. ris 3.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" Inngönguskúr: L. 2.4 m. br. 2.5 m. h. 5.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>		70.700.-
<p>B. Geymsluskúr: L. 3.8 m. br. 1.4 m. h. 2.0 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.100.-	
Samtals	71.800.-	
<p>Eldra húsið hefir fengið gagngerða breytingu frá síðasta mati 12/7/1945. Inngangur hefir verið gerður á götuhlíð þess og gangur í gegnum húsið og stigi þar upp á loftið. Terrassoyfirsteypa er í ganginum. Sölubúð hefir verið gerð þar sem áður var íbúð, öll málhúðað innan og máluð. Viðbygging hefir verið gerð við austurgafi þess úr steinsteypu með þaki úr borðum, pappa og járnri. 3 loft eru úr járnþentri steinsteypu. Innan á útveggjum er kork, en skilveggir eru úr vikurplötum og allt málhúðað og málað. Kjallari er undir viðbyggingunni. Þar</p>		

Gata og númer:

Skólavörðustígur 17B.

Möt framkvæmd:	23/10/1965	Metið kr
er geymsla. I aðalhæðinni er sölubúð. I 2. og 3. hæð, hvorri fyrir sig eru 2 íbúðarherbergi og gangur, auk fastra skápa. Viðbyggingin er múrhituð utan með kvarzblöndu. Geymsluhús er óbreytt frá síðasta mati.		
A. Aðalhúsið:	L. 7.9 m. br. 8.2 m. h. 3.5 m. ris 3.5 m. kjh. 2.4 m.	
" Inng.skúr:	L. 2.5 m. br. 2.3 m. h. 6.2 m. skápak, kjh. 2.4 m.	
" Viðbygging:	L. 3.2 m. br. 10.3 m. h. 8.2 m. ris 1.2 m. kjh. 2.7 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....		268.500.-
B. Geymsluskúr:	L. 3.8 m. br. 1.4 m. h. 2.0 m. skápak.	
Skúfinn er virtur á.....		1.100.-
	Samtals	269.600.-

Virt: 23/10/1965

Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati 10/8/1946, en óska st endurmetið vegna breytts verðlags.

Stærð húsins:

A:	L. 7.9 m., br. 8.2 m., h. 3.5 m., ris 3.5 m., kj. 2.4 m.		
viðb.	L. 2.5 m., br. 2.3 m., h. 6.2 m., ris skáþ., kj. 2.4 m.		
"	L. 3.2 m., br. 10.3 m., h. 8.2 m., ris 1.2 m., kj. 2.7 m.	= 921.00 m ³	1.566.000.-
B:	L. 3.8 m., br. 1.4 m., h. 2.0 m., ris	= 11.00 m ³	3.000.-
Húsið ásamt tilheyrandi, er virt á.....		kr.	1.569.000.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 17 c.

Möt framkvæmd: 1/3/1942. 23/10/1965	Metið kr.
<p>Íbúðarskír, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasið með pappa á milli. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluklefi, gangur og fastur skápur. Útveggir eru að innan, lagðir asfaltþappa, þá borðagrind og svo þiljur. Bitalög eru úr timbri og þiljað neðan á loftþita. Allt lagt striga og pappír og málað. Steinsteypugólf er undir timburgólfum, en fyllt með sagspónum á milli gólfanna. Veggir eru sementssléttaðir og hvíttaðir utan.</p> <p>Stærð: L. 7.4 m. br. 3.8 m. h. 3.0 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrani, er virt á.....</p>	8.760.-
<p><u>Virt: 23/10/1965</u></p> <p>Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati, en óskast mæturmetið vegna breytts verðlags. Síðasta mat fór frá fram 1/3/1942.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.4 m., br. 3.8 m., h. 3.0 m. = 84.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... kr. 118.000.-</p>	118.000.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 18.

Möt framkvæmd: (1/6/1941.) 8/11/1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr steinsteypu, sementssléttað utan og með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Innan á veggjum eru kokeplötur og gólf eru úr járnþentri steinsteypu. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Allt sementssléttað, sumt málað og sumt veggfóðrað. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi og eldhús, 2 geymsluherbergi, 2 kolaklefar, þvottahús, v.s. og gangur. Allt kalksléttað og herbergin, eldhúsið og gangurinn málað.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 8.2 m. h. 3.8 m. ris 3.3 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	48.905.-
<p>b. Geymsluskúr, er við suðurhlíð hússins, byggður úr steinsteypu á 3 vegu, en úr borðum og listuðum pappa á 1 veg og með járnþaki á langböndum.</p> <p>Stærð: L. 3.2 m. br. 1.6 m. h. 1.9 m. skápak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	350.-
	<u>Samtals 49.255.-</u>
<hr/>	
<u>Virt 8/11/1951.</u>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. júní 1941, en við það hefir verið reist ný viðbygging, 4 hæðir og ris, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steypt, slétt húðað utan, vikurklædd innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á 1. hæð er sölubúð, v.s. m/handlaug og bakherbergi, allt málað og dúklagt. Á 11. hæð er vinnustofa, v.s. m/handlaug og stigahús, allt vatns- málað, terrassó á stiga, (hín) gólfín dúklögð. Á 111. hæð er vinnustofa, stigahús og handlaug, allt vatnsmálað, stigin terrasso-klæddur, gólfín dúklögð. Á IV. hæð eru 2 íbúðarherbergi, v.s. m/handlaug og stigahús, allt vatnsmálað, stigi og gólf dúklagt. Þakhæðin er ónothæf. Hitaveita er í húsinu. Geymsluskúr, staflíður B, er rifinn.</p>	
<p>A. Íbúðarhús: L 9.4 br. 8.2 h. 3.8 ris 3.3 kj. 2.5 = 608.93 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	305.000.00
<p>B. V.h., vb. m/m: L 6.0 br. 11.0 h. 12.3 ris 1.2</p> <p>" Útskot : L 3.6 br. 0.8 mh. 12.5 = 894.00 m³</p>	
Nýja verzlunar- og vinnustofuviðbyggingin með útskoti og tilheyrandi, virt á	443.700.00
	<u>Samtals krónur 748.700.00v</u>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 19.

Möt framkvæmd: (1/6/1943.) 5/7/1949.

Metið kr.

a. Íbúðarhús m/prentsmiðju, (~~og klæðskerastofu~~) tvílyft, með porti, risi, 2 kvistum og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, pappa og listum. Langskilveggur er í húsinu úr steinsteypu. Innan á útveggjum er pappi á plankabindingi og panelþiljur þar innan á. Þverskilveggir eru úr timbri. Í bitalögum er milligólf og stoppað er á milli gólfanna með sagspónum og mómyslnu. Þiljað er neðan á loftbita. Í neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 2 gangar, v.s., fastur skápur og geymsluklefi. Allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 2 gangar og v.s. Allt með sama frágangi einsog er í aðalhäðinni. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og 2 gangar. Sömuleiðis með sama frágangi eins og er í neðri hæðinni. Á skambitum er gólf. Þar uppi er þurrkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu og timburgólf er þar yfir í 2/3 hlutum hans. Þar er prentsmiðja með allri framhlíð kjallarans. Þar er einnig v.s. og gangur.

Stærð: L. 10.7 m. br. 10.3 m. h. 7.1 m. ris 3.8 m. kjh. 2.7 m.

b. Verzlunar, skrifstofu- (~~og samkomuhús~~) er viðbygging fram með Klapparsíg, þrílyft, með kjallara og skáþaki, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf, sem og skilveggir kjallara og neðstu hæðar eru úr venjulegri steinsteypu. Skilveggir annarar og þriðju hæðar eru úr bindingi, með tvöföldum vírlögðum þiljum. Innan á útveggjum aðalhöðarinnar eru einangraðar vikurplötur og þær allar múrsléttaðar og málaðar. Í neðstu hæðinni er sölubúð, anddyri, stigagangur, geymsluklefi, v.s. og gangur í gegnum húsið. Í miðhæðinni eru 4 skrifstofur, v.s., stigagangur og anddyri. Í efstu hæðinni eru 2 skrifstofur, fundarsalur, v.s. og anddyri. Í kjallaranum eru 4 geymsluherbergi og 2 gangar..

Stærð hússins; Meðall. 11.1 m. meðalbr. 5.5 m. h. 9.0 m. skáþak, kjh. 1.9 m.

" aukakjallara: Meðall. 4.5 m. meðalbr. 4.2 m. h. 2.4 m.

Húsið, ásamt aukakjallara og tilheyrandi, em virt á.....

298.900.-

Virt 5/7/1949.

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. júní 1943, að öðru leyti en því að í miðhæð viðbyggingar eru nú 2 vélasalir, skrifstofa, v.s. og stigagangur og á efstu hæð eru 4 skrifstofur og stíghús.

Íbúðar-prentsm.hús m/m: L 10.7 m. br. 10.3 m. h. 7.1 m. ris 3.8 m. kj. 2.7 m.

snú við

Gata og númer:

Skólavörðustígur 19

Möt framkvæmd: 5/7/1949 frh) ^{15/9} 22/2 /1965	Metið kr
Viðb. Vélahús m/m: Ml. 11.1 m.mbr. 5.5 m. h. 9.0 m. skápak. kj. 1.9 m. Aukakjallari : " 4.5 m. " 4.2 m. h. 2.4 m. Húsið, ásamt viðbyggingu, aukakjallara og tilheyrandi, er virt á..... <u>Krónur 640.000.-</u>	
<u>Virt: 15/9/1965</u> Frá síðasta mati, 5/7/1949, hefur verið byggð hæð ofan á húsið. Hæðin er byggð úr steinsteypu og gleri. Þar eru skrifstofuherbergi, allt málað og dúklagt, 1 snyrtiherbergi m/v.s. og handlaug. Í öðrum hlutum hússins, hafa innréttingar verið endurnýjaðar einnig allar leiðslur. Klætt plötum í loft og á veggi. Stærð hússins: Viðb. L. 10.70 m., br. 10.30 m., h. 9.4 m. L. 11.10 m., br. 5.50 m., h. 8.6 m., kj. 1.9 m. aukakj: L. 4.50 m., br. 4.20 m., h. 2.4 m. = 2.077.00 m ³ ný hæð. L. 10.04 m., br. 12.62 m., h. 2.8 m. ris fl. Húsið, ásamt viðbyggingu, aukakjallara og tilheyrandi, er virt á <u>Kr. 4.362.000.-</u>	

Gata og númer:

Skólavörðustígur 20.

Möt framkvæmd: 17/2/1923. 30/9/1967	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Í útveggi er fyllt með sagspónum í binding og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og 4 skápar. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottahús, 2 geymsluklefar og gangur.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 3.2 m. ris 3.1 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngöngsu, úr er við suðurhlíð hússins. Í honum eru 3 gangar og 2 v.s. Hann er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.0 m. h. 4.9 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p style="text-align: right;">10.484.-</p>
<p>Virt: 30/9/1967.</p> <p>Frá síðasta mati, 17/2/1923, hefur sú breyting orðið á 1. hæð þar sem áður var íbúð er nú vefnaðarvöruverzlun. Gluggum hefur verið breytt og innréttað að nýju skilrúm öll úr timbri og allt málað og dúkklag að nýju, snyrtiherbergi m/tilheyrandi.</p> <p>Í risi hefur verið innréttað að nýju 2 herbergi og eldúsið og v. s.</p> <p>Endurbætur í kjallara þar hefur verið steypt undur skúr við bakhlið og byggð geymsla. Þar var áður íbúð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 6.3 m., br. 6.42 m., h. 3.2 m., ris 3.1 m. kj. 1.9 m.</p> <p>L. 2.12 m. br. 2.70 m., h. 4.9 m., kj. 1.9 m., = 305.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p style="text-align: right;">680.000.-</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 20 a.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í binding er fyllt með sagspónum og milligólf er í bitalögum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og fastur skápur. Alltþiljað, strigalagt, veggfóðruð og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, gangur og skápur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, þvottahús, geymsluklefi, v.s. og gangur. Herbergin og gangurinn eru þiljuð, veggfóðruð og máluð. Stærð: L. 6.6 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.1 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

22.760.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 21

Möt framkvæmd: (1/4/1941) 25/2/1947.

Metið kr.

a. Íbúðarhús m/saumastofu, tvílyft, með 5 gluggakvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur eftir endilöngu húsinu. Loft er hér eins og einnig á efri hæðinni úr járnbentri steinsteypu. Gólf er úr plægðum borðum á bitalögum. Útveggir eru að innan lagðir korkplötum. Eftir endilöngu húsinu er skilveggur úr steinsteypu, en aðrir skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum, lögðum stráþípum. Allir veggir eru að innan sementssléttaðir og meðálímdum veggjapappír, en loft öll, gluggar og dyraumbúningar eru málaðar. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur og gangur. Allt með samekonar frágangi eins og er í neðri hæðinni, nema hvað hér eru þiljur, en ekki kork innan á útveggjum. Í þaklyfti er sama herbergjaskipun og frágangur eins og er í efri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólf er undir hér um bil $\frac{1}{2}$ hluta hússins. Þar er 1 geymsluherbergi, kolaklefi og miðstöðvarherbergi.

Stærð: L. 12.0 m. br. 8.6 m. h. 6.0 m. ris 4.5 m. kjh. 1.9 m.

Inngönguskúr er við austurgafi hússins, byggður úr steinsteypu, með steinsteypubaki, sem myndar þaksvalir, með háu steinsteypuhandriði í kring. Í neðri hæðinni eru 2 v.s., timburstigi og gangur. Í efri hæðinni eru timburstigi og gangur. Innan á útveggjum og neðan á steinsteypuloftum eru þiljur, lagðar veggfóðri og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Öll er húseignin sementssléttuð utan.

Stærð: L. 3.1 m. br. 4.1 m. h. 6.2 m. skáþak.

Viðbygging er við norðurhlíð hússins, byggð að efni til og frágangi bæði utan húss og innan eins og aðalhúsið. Í neðri hæðinni er 1 íbúðarherbergi, v.s. og gangur. Í efri hæðinni er 1 íbúðarherbergi og gangur. Í þaklyfti er baðherbergi og geymsluherbergi.

Stærð: L. 2.2 m. br. 5.2 m. h. 6.0 m. ris 3.5 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á..... 83.540.-

b. Geymsluhús og íbúðar, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í neðri hæðinni er þvottahús og geymsluherbergi. Gólf, loft og skilveggir eru úr steinsteypu, allt sementssléttað og hvíttað. Í efri hæðinni er þurrkhjallur, með grindum í þurrkopum á 2 hlíðum. Hús þetta er byggt upp við viðbygginguna.

Stærð: L. 5.3 m. br. 3.2 m. h. 5.2 m. skáþak.

Skúrinn er virtur ásamt tilheyrandi á.....

4.040.-

Gata og númer:

Skóla- og vörðustígur 21.

Möt framkvæmd:	Metið kr
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. apríl 1941.	
a. Ibúðarhús ; L. 12.0 m. br. 8.6 m. h. 6.0 m. ris 4.5 m. kjh. 1.9 m.	
Inng.skúr : L. 3.1 m. br. 4.1 m. h. 6.2 m. skápak.	
Viðbygging: L. 2.2 m. br. 5.2 m. h. 6.0 m. ris 4.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á	342.100.-
b. Geymsluskúr: L. 5.3 m. br. 3.2 m. h. 5.2 m. skápak.	
Geymsluskúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á	13.200.-
Samtals	355.300.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 21^A

Möt framkvæmd: (1/4/1941.) 25/2/1947.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verzlunarhús, brílyft, með 2 stórum kvistum, nokkrum glugga- kvistum og kjallara undir nokkru af húsinu. Neðsta hæðin er byggð úr tvöfaldr venjulegri steinsteypu, þar yfir ofan eru veggir úr járnbentri steinsteypu og þak er úr steinhellu á borðasúð. Skilveggir og kjallaragólf eru úr venju- legri steinsteypu, en loft öll eru úr járnbentri steinsteypu. Innan á öllum útveggjum ofan 1. hæðar er borðagrind með pappa í, listum og þiljum vírlögðum. Allar hæðir hússins eru múrsléttaðar innan og ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Í neðstu hæðinni eru 2 sölubúðir með 3 stórum vörusýningargluggum, 2 skrifstof- ur, 2 geymsluherbergi, 2 fataherbergi, 2 v.s., anddyri, 4 gangar og opinn gangur í gegnum húsið. Í miðhæðinni eru sölubúð, 2 saumastofur, 5 íbúðarher- bergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi m/v.s., fastur skápur og 5 gangar. Í efstu hæðinni eru 8 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi m/v.s., 2 v.s., 8 fastir skápar, þvottahús, 2 anddyri og 2 gangar. Í kjallaranum, sem er undir <u>ca. 2/3 hlutum hússins</u>, er þvottahús, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, 7 geymsluherbergi, 3 gangar o.fl. 5 veggpallar eru á húsinu. Stigar eru úr steinsteypu. Húsið er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð: L. 29.7 m. br. 8.0 m. h. 8.7 m. ris 4.2 m. Kfst: L. 20.0 m. br. 8.0 m. h. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>212.740.-</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. apríl 1941.</p> <p>Íbúðar-og-verzlunarhús: L. 29.7 m. br. 8.0 m. h. 8.7 m. ris 4.2 m. Kjallari undir 2/3 hlutum hússins, hæð 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	<p>784.800.-</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 22.

Möt framkvæmd: 1/12/1940.	Metið kr.
<p>a. Verzlunar- og íbúðarhús, úr grásteini, höggnum og með þaki úr borðasúð, pappa, listum og jární. Stigar, loft og skilveggir eru úr tré. Í neðstu hæðinni er kjötsölubúð, múrhúðað innan og lögð hvítum glerplötum bæði veggir og borð. Loft og gluggar eru hvítmáluð. Steinsteypugólf er í húsinu. Anádyri með stigagangi er einnig í þessari hæð. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og anddyri. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 5.7 m. ris 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	27.690.-
<p>b. Viðbygging er við austurgafli aðalhússins. Henni hefur verið breytt þannig, að nú er þar raftækjaverzlun og skrifstofa, hvortveggja veggfóðrað og málað. Hún er byggð úr binding, járnklædd á veggjum og þaki. Stærð: L. 3.8 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 1.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	6.130.-
<p>c. Geymsluhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og jární á veggjum og þaki. Húsið er sundurhólfað í geymslur. Allt þiljað innan. Þaklyftið er ósundurhólfað og notað einnig til geymslu. Stærð: L. 9.1 m. br. 4.7 m. h. 2.8 m. ris 2.5 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	5.125.-
<p>d. Viðbygging er við vesturgafli aðalhússins, úr steinsteypu, með járnþaki úr borðasúð, pappa, listum og jární. Í henni eru skrifstofa, eldhús, v.s., fataskápur og gangur. Allt þiljað innan, vírlagt, múrsléttað og málað. Í kjallaranum eru geymslur. Stærð: L. 2.9 m. br. 6.3 m. h. 3.1 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	8.590.-
<p>Samtals</p>	<p>47.535.-</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 22 a.

Möt framkvæmd: 1/12/1940.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á þappa og borðasúð. Það er einlyft, með porti, risi, með sínum kvisti á hvorri hlið. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt þiðjað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í þaklyfti eru 7 íbúðarherbergi og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni.

Stærð: L. 8.2 m. br. 9.1 m. h. 3.4 m. ris 4.1 m.

Inngöngu- og geymsluskúr er við vesturgafli hússins, byggður eins og það.

Stærð: L. 6.0 m. br. 4.7 m. h. 2.8 m. skáþak.

Húseignin er öll sementssléttuð utan.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

35.900.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 22 b.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verzlunarhús, brílyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í neðstu hæð er sölubúð, 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s., fastur skápur og 2 gangar. Innan á útveggjum er plankagrind, með pappa í og þiljum þar innan á. Skilveggur úr steinsteypu er eftir endilöngu húsinu upp að rishæð. Allir aðrir skilveggir eru úr binding, með tvöföldum þiljum, einnig eru þiljur neðan á lofbitum. Allar þiljur eru lagðar striga og veggjapappír og málað, en steinveggir kalksléttaðir með álímdum veggjapappír. Í miðhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, anddyri, 2 gangar, v.s. og fastur skápur. Allt með samskonar frágangi sem á neðstu hæð. Í efstu hæð er sama herbergjaskipun og frágangur. Í þaklyfti er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað og framloft. Milligólf er í öllum oitalögum, með tvöföldum striga og sagspónum á milli gólfanna. <i>Kjallari til geymslu.</i></p> <p>Stærð: L. 12.2 m. br. 8.8 m. h. 8.8 m. ris 1.9 m.</p> <p>Kj.st: L. 6.1 m. br. 8.8 m. h. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	89.030.-
<p>b. Geymsluhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar eru 3 geymsluherbergi og þvottahús. Skilveggir eru úr timbri, en gólf úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 10.1 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Húsið, er virt á.....</p>	4.170.-
<p>Samtals</p>	<p>93.200.-</p>

Möt framkvæmd: (21/10/1929.) 20/4/1963.

Metið kr.

Íbúðar- og verzlunarhús, tvílyft, með útskoti, skápaki og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, tveimur tjörupappalögum, listum og járnri þar yfir. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir allir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu, allt sementssléttað utan. Innan á öllum útveggjum hússins er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum vírneti, sem mürsléttað er á. Háðar eru hæðirnar ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Gúmmí er á stigum, stigapöllum og göngum. Í neðri hæðinni er sölubúð, með borðum skúffum og skápum, saumastofa, íbúðarherbergi, v.s., anddyri, 2, og gegnum gangur. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, v.s., fataskápur, anddyri og gangur. Í kjallaranum eru 3 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, þurrkherbergi, v.s., anddyri og gangur. Kjallarinn er allur sementsstrokinn innan og hvíttaður. Stigar eru úr steinsteypu og húsið er allt sementssléttað utan.

Stærð: L. 12.3 m. br. 10.0 m. h. 7.0 m. skápak, kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

53.230.-

Virt 20/4. 1963.

Verzlunar- og íbúðarhús, frá síðasta mati hefur húsi verið hækkað um 1 hæð og þakhæðina, er nú 3 hæðir þakhæð og kjallari, byggt úr steinsteypu, nýi hlutinn er einangraður með plasti, slétt húðað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárnri. Hitaveita.

Í. hæð hefur verið endurbætt og breytt fyrirkomulagi, þar eru verzlanið, . Allt málað og dúklagt. Settir nýir gluggar og hurðir.

Stigahús hefur verið málað og dúklagt frá 1. hæð og upp úr.

Á 2. hæð hafa verið gerðar ýmsar endurbætur, þar er Tízkuskóli Andreu í 4 herbergjum og eldhúsi, baðherbergi, fataherbergi og búr. Allt málað og dúklagt.

3. hæð er ný hæð, þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, 1 fataherbergi, forstofa og stigahús. Allt málað, einnig gólf, nema á eldhúsi, baðherbergi og fataherbergi þar er dúkur. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Hluti af veggjum er klæddur harðviði. 1 svalir.

Þakhæð er ný hæð, þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, 2 v. s. með handlaugum, 1 fataherbergi, forstofa og stigahús. Eldh. og snyrtih. eru máluð og dúklögð, öll önnur herbergi eru klædd harðviði, bæði veggir og loft, nema útveggir eru málaðir. Gólf eru máluð. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum og körmum. 1 stórar svalir.

Kjallari er óbreyttur frá síðasta mati, þar eru 4 geymslur, þvottahús og kyndiklefi.

Stærð hússins:

L. 12.3 m., br. 10.0 m., h. 9.2 m., kjh. 2.0 m.

Þakhæð: " 12.3 " " 7.9 " " 2.6 " = 1.630.30 m³.

Húsið ásamt tilheyrandi er virt á..... kr.

2.283.000.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 24.

Möt framkvæmd: 1/5/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á 3 vegu og þaki. Austur-
gaflinn er eldvarngافل. Innan á binding er pappi og milligólf í neðra bita-
lagi. Í aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eiddhús og fastur skápur. Allt
þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni er 1 íbúðarherbergi og
þurrkherbergi. Herbergið er þiljað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi
er undir öllu húsinu. Þar eru 3 geymsluherbergi.

Stærð: L. 6.9 m. br. 8.2 m. m. h. 3.1 m. ris 1.9 m. kjh. 1.9 m.

Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það. Þar er
gangur og 2 geymsluklefar.

Stærð: L. 1.6 m. br. 2.2 m. h. 2.9 m. skáþak.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

33.110.00.

Gata og númer:

Skólavörðustígur 24 a.

Möt framkvæmd: 1/8/1943.

Metið kr.

Íbúðarhúð, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á þaki, en múrhúðað með skel á veggjum. Innan á bindingi er pappi og milligólf í neðra bitalagi.

Viðbót, ný, er við húsið, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum þees er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á loftbita bæði aðalherbergi og kjallara. Allar þiljur eru múrsléttar og íbúðirnar olíumálaðar innan. Í aðalherberginu eru nú alls 4 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og 2 gangar. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, geymsluherbergi, þvotta- og miðstöðvarherbergi, geymsluskápur, anddyri og 2 gangar. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.

Stærð aðalhússins: L. 7.1 m. br. 8.6 m. h. 2.9 m. ris 1.6 m. kjh. 1.9 m.

" útskots: L. 2.7 m. br. 2.3 m. h. 3.2 m. skápak, kjh. 1.9 m.

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

59.080.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 25.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
21/1/1918.	
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnbaki á pappa og borðasúð. Allir útveggir eru sementssléttaðir utan og gólf og stigar eru úr járnbentri steinsteypu. Allar milligerðir eru úr steinsteypu. Allar milligerðir eru úr steinsteypu upp að rishæð. Innan á öllum útveggjum eru koksplötur. Útskot er við austurgafli hússins, byggt eins og það. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 3 fastir skápar. Allt sementssléttað, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 4 skápar. Allt með samskonar frágangi eins og er í hinum hæðunum, að öðru leyti, en því, að þar eru skilveggir allir úr bindingi, strigalagðir. Á skambitum er gólf úr plögðum borðum. Þar uppi er burrkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu husinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, þvottahús, 2 gangar og 1 skápur. Allt sementssléttað og málað. Stærð: L. 10.0 m. br. 9.4 m. h. 7.1 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m. Útskot er við austurgafli hússins. Stærð: L. 1.3 m. br. 4.7 m. h. 7.1 m. kjh. 2.5 m. Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	51.236.-
<p>b. Viðbygging m/skrifstofu, er við norðurhlið hússins, tvílyft, með kjallara, byggð eins og það. Í neðri hæðinni er 1 íbúðarherbergi og gangur. Allt málað og veggfóðrað og sömuleiðis í efri hæðinni og rishæðinni. Í kjallaranum er gangur, 2 v.s. og 2 geymsluklefar. Stærð: L. 5.2 m. br. 2.9 m. h. 7.1 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m. Húsið er virt á.....</p>	6.930.-
<p>c. Geymsluhús, úr steinsteypu. Þak er úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir og gólf úr venjulegri steinsteypu. Þar eru 5 geymsluklefar, 2 þeirra með skápum og hillum úr timbri. Húsið er allt sementsstrokið innan og sementssléttað utan. Stærð: L. 18.1 m. br. 4.0 m. h. 2.4 m. skápak. Húsið er virt á.....</p>	3.475.-
<p>d. Þvottaskúr, úr steinsteypu, sementssléttaður utan og sementsstrokinn innan. Þar er þvottaherbergi og geymsluklefi. Við skúrinn er sorpþró, úr steinsteypu. Stærð: L. 4.9 m. br. 3.7 m. h. 2.2 m. skápak. Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	1.099.-
<p>e. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með steinsteypubaki. Hann er múrsléttaður utan og innan. Stærð: L. 10.0 m. br. 3.1 m. h. 2.4 m. skápak. Skúrinn er virtur á.....</p>	1.480.-
Samtals	64.220.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 26.

Möt framkvæmd: (21/8/1924.) 30/6 1955.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, sementssléttað utan og með járnþaki á borðasúð, með pappa og listum á milli. Innan á útveggjum eru þiljur og milligólf er í neðra bitalagi. Í aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað og framloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluklefi og gangur. Útveggir eru sementssléttaðir, en strigi og pappír á loftum. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu í íbúðinni. Íbúðin er öll þiljuð og máluð. Einnig er þvottahús í kjallaranum.</p> <p>Stærð: L. 4.0 m. br. 8.8 m. h. 3.1 m. ris 2.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgafli hússins, með risi og kjallara, byggður eins og það. Í honum eru 2 gangar og v.s.</p> <p>Stærð: L. 1.6 m. br. 2.2 m. h. 2.8 m. ris 0.8 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>8.798.-</p>
<p><u>Virt 30/6 1955</u></p> <p>Hefir frá síðasta mati 21. ágúst 1924, verið hækkað og stækkað á alla vegi, úr sama efni, steinsteypu, fóðrað innan gosull, með bárujárn á þaki, en óhúðað utan. Á hvorri hæðinni fyrir sig, en þær eru nú 2, eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v. s. og handlaug, anddyri og gangur, allt málað og dúklagt. - Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v. s. og handlaug, stigaanddyri og gangur, allt málað og dúklagt. - Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi máluð og dúklögð, forstofa og gangur, 2 geymslur og þvottahús. Hitaveitulögn.</p> <p>Íbúðar-iðnaðarhús : L. 10.7 m. Br. 9.0 m. H. 6.3 m. ris 3.0 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Útskot : L. 7.0 m. Br. 1.7 m. H. 7.0 m. kj. 2.7 m.</p> <p style="text-align: right;">Alls 1126.58 m³</p> <p>Húsið með útskoti og tilheyrandi er metið á kr 788.600.00</p>	<p>788.600.00</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 26 a.

Möt framkvæmd: 21/8/1924.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á plægðri borðasúð, með pappa og listum á milli. Húsið er sementsléttað utan en að innan eru útveggirnir asfalteraðir og hlaðið innan á þá steiptum steini á kant með 2" holrúmi á milli. Í bitalagi er milligólf. Í aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og 2 skápar. Veggir eru kalksléttaðir en loftin strigalögð, sumtmálað og sumt veggfóðrað. Í rishæðinni er 1 íbúðarherbergi og gangur, þiljað, veggfóðrað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað, veggfóðrað og málað. Þar er einnig geymsluherbergi. Trégólf er yfir steinsteypugólfinu í öllum kjallaranum.</p> <p>Stærð: L. 4.0 m. br. 8.8 m. h. 3.1 m. ris 2.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurgafi hússins, með risi og kjallara, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.6 m. br. 2.2 m. h. 2.8 m. ris 0.8 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	7.608.-
<p>b. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð. Þar er 1 íbúðarherbergi og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 4.7 m. br. 2.3 m. h. 2.2 m. skáþak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	841.-
<p>Samtals</p> <p>=====</p>	<p>9.449.-</p> <p>=====</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 27.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með porti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, papa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt þiljað innan og neðan á loftbita með panelborðum, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í kjallaranum er enn fremur þvottaherbergi og geymsluherbergi.

Stærð: L. 6.9 m. br. 6.3 m. h. 3.8 m. ris 2.7 m. kjh. 2.1 m.

Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það.

Stærð: L. 2.0 m. br. 2.0 m. h. 4.2 m. skáþak, kjh. 2.1 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

33.870.-^v

Gata og númer:

Skólavörðustígur 28.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og brauðgerðarhús, úr steinsteypu, með valmabaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárnri. Í neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s. og 2 gangar. Innan á öllum útveggjum eru korkplötur. Skilveggir eru úr steinsteypu, allt kalksléttað og með álfmdum veggjapappír. 2 gólf eru í húsinu úr steinsteypu. Loft eru kalksléttuð að neðan og maluð. Gluggar og dyraumbúningur einnig vandlega málað. Eldhúsgólf er flísalagt. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í neðri hæðinni. Í baklyfti eru 2 íbúðarherbergi, biljuð, strigalögð, veggfóðruð og maluð. Þar eru einnig 2 geymsluherbergi, gangur og burrkloft, allt biljað. Kjallari er undir öllu húsinu, með skilveggjum og gólfi úr steinsteypu. Veggir eru kalksléttaðir og hvíttaðir. Þar er brauðsöluþúð, með borðum, skúffum og skápum. Veggir og loft kalksléttað og málað, gólf flísalagt. Í kjallaranum er enn fremur brauðgerðarherbergi með flísalögðu gólfi, 3 geymsluherbergi, v.s., miðstöðvarherbergi, brauðbökunarofn og gangur.</p> <p>Stærð: L. 12.2 m. br. 10.0 m. h. 6.3 m. ris 3.8 m. kjh. 2.8 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlíð hússins, byggður úr samaskonar efni og með samskonar frágangi eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 6.8 m. skápak. Ris. 3.1 m. kjh. 2.8 m.</p>	<p>155.210.-</p>
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, bæði veggir og gólf. Þak er úr borðasúð, pappa og járnri.</p> <p>Stærð: L. 6.1 m. br. 2.7 m. h. 2.6 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	<p>1.720.-</p>
	<p>Samtals 156.930.-</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 29.

Möt framkvæmd:	1/5/1942.	Metið kr.
a.	<p>Íbúðarhús, einlyft, með porti, kvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Þó er austurgafli þess steinsteyptur eldvarnarveggur. Innan á binding er pappi í útveggjum aðalhæðarinnar, en fyllt með sagspónum á milli sperra og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 3 fastir skápar. Allt þiljað og með striga og pappir á veggjum og loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, 2 hlíðarkompur og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteyptugólfi og timburgólfi ofan á því $\frac{1}{2}$. Þar eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni. Ennfremur eru þar 2 geymsluklefar.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 3.5 m. ris 3.5 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgafli hússins, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar. Eldvarnarveggur er að vestanverðu.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 2.7 m. ris 0.5 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það, með eldvarnarvegg að austanverðu.</p> <p>Stærð: L. 2.4 m. br. 1.4 m. h. 2.4 m. skápak, kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	43.990.-
b.	<p>Geymsluskúr er byggður við norðurhlið íbúðarhússins, úr bindingi, klæddur utan járnri á langböndum, með þaki úr borðasúð, pappa og járnri. 2 geymsluherbergi eru í hvorri hæð, þiljuð innan.</p> <p>Stærð: L. 2.3 m. br. 4.0 m. h. 4.0 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	2.520.-
c.	<p>Þvottahús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð. Í því er steinsteyptugólf.</p> <p>Stærð: L. 3.0 m. br. 2.5 m. h. 2.0 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	2.320.-
		Samtals 48.830. ^v -
Virt: 20/2 1980.		
Húsið endurmetið vegna lélegs ástands.		
Stærðir eru óbreyttar eða	A.liður 420 m ³	18.900.000.-
	B.liður 37 m ³	562.000.-
	C.liður. 15 m ³	410.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.		19.872.000.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 29 a.

Möt framkvæmd: 21/5/1937.

Metið kr.

a. Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járn á 3 vegu og þaki. Eldvarnargafi er að vestanverðu. Í binding er fyllt með sagspónum og milligólf er í neðra bitalagi. Í aðal-hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, 4 fastir skápar. Allt þiljað, striga-lagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 1 íbúðarherbergi, þiljað, vegg-fóðrað og málað og gangur. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð, veggfóðruð og máluð. Ennfremur er þar miðstöðvarherbergi, geymsluherbergi, v.s. og gangur.

Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 3.0 m. ris 2.0 m. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það.

Stærð: L. 1.9 m. br. 1.3 m. h. 2.4 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 8.854.-

b. Þvottahús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð, í því er steinsteypugólf.

Stærð: L. 2.9 m. br. 3.2 m. h. 2.5 m. skápak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 910.-

Santals

9.764.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 30.

Möt framkvæmd: (1/11/1941.) 21/4/1947.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s. og 3 gangar. Innan á útveggjum er 2^o grind með tjörupappa í, listum og panelborðum þar innan á. Skilveggir eru úr steinsteypu, kalksléttaðir beggja megin, nema 2 stuttir skilveggjabútar, sem eru úr binding, panelklæddum. Neðan á loftbitum eru einnig panelbiljur. Allar biljur eru lagðar striga og pappír og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Gólf eru úr járnbentri steinsteypu, öll lögð linoleumdúk í íbúðarherbergjunum. Í eldhúsi, v.s. og öllum göngum eru gólfin lögð leirflísum og umhverfis eldavélina í eldhúsinu eru veggir lagðir postulínsflísum. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi og gangur. Þar eru gólf úr timbri, með milligólfi og sagspónastoppi á milli gólfanna, að öðru leyti er þar samskonar frágangur eins og er í aðal hæð hússins. Á skambitum er gólf. Þar uppi er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað og þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og v.s. Timburgólf er þar yfir steinsteypugólfinu. Loft eru kalksléttuð og hvítmáluð að neðan. Að öðru leyti er samskonar frágangur á þessum hluta kjallarans eins og er í aðal hæð hússins. Í kjallaranum er enn fremur 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi og gangur.

Stærð: L. 9.5 m. br. 4.0 m. ris 4.5 m. kjh. 2.5 m. hr. 9.3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

76.130.-

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. nóvember 1941.

Stærð: L. 9.5 m. br. 9.3 m. h. 4.0 m. ris 4.5 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

233.400.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 31.

Möt framkvæmd: 1/11/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi, kvisti og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í aðalherðinni eru 3 íbúðarherbergi, ^{eldhúsi} þúr og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, gangur, geymsluklefi og 3 fastir skápar. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalherðinni. Geymslukjallari er undir öllu húsinu úr steinsteypu.

Stærð: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 3.1 m. ris 2.8 m. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, byggður eins og bað. Hann er þiljaður innan og málaður og með pappa á binding. Þar er 1 geymsluherbergi, 3 gangar og fastur skápur.

Stærð: L. 2.5 m. br. 3.8 m. h. 3.0 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

42.580.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 33.

Möt framkvæmd: 21/1./1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Í útveggi er fyllt með marhálmi. Í neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 1 gangur og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í neðri hæðinni.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 6.3 m. h. 5.0 m. ris 0.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 4.6 m. skápak.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 4.6 m. skápak.</p>	
Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	30.100.-
<p>b. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, bæði út- og innveggir og öll loft. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járnri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á, allt múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað innan, að því er snertir íbúðir þess. Í hvorri hæð fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Í kjallaranum er vinnustofa, 2 geymsluherbergi, miðstöðvar- og þvotta-herbergi, baðklefi og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið. Undir þeim er gangur inn í kjallarann. Stigar eru úr steinsteypu með gúmmíðúk. Húsið er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð: Meðall. 7.2 m. br. 8.0 m. h. 5.6 m. ris 1.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>46.750.-</p> <p>Samtals 76.850.-</p>
<hr/>	
<p>Virt: 18/3 1975.</p> <p>A. liður, timburhús óskast metið til lækkunar í samræmi við verðlag og viðhald.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A. L. 9.4 m., Br. 6.3 m., H. 5.0 m., Ris. 0.9 m.</p> <p>L. 1.9 m., Br. 1.9 m., H. 4.6 m., Ris. skápak = 353 m³</p> <p>L. 1.9 m., Br. 1.9 m., H. 4.6 m., Ris. skápak</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 2.100.000.-</p>	<p>2.100.000.-</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 35.

Möt framkvæmd: 1/3/1944.

Metið kr.

Íbúðarhús m/trésmiðavinnustofu, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Í binding og innan á bindingi er pappi og milligólf í öllum bitalögum. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 skápar. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, geymsluklefi og 3 skápar. Allt þiljað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvotta-herbergi, trésmiðaverkstæði með járfóðruðu loft, 1 herbergi, þiljað og málað, 2 gangar og 2 geymsluherbergi. 2 skilveggir eru úr steinsteypu, kalksléttaðir. Stærð: L. 7.8 m. br. 7.7 m. h. 6.0 m. ris 3.6 m. kjh. 2.1 m.

Viðbygging er við norðurhlíð hússins, tvílyft, með þaksvölum, úr bindingi, klædd utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Í binding og innan á binding er pappi og milligólf í öllum bitalögum. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 skápar. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í neðri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir allri viðbyggingunni. Í honum eru 3 geymsluherbergi og gangur.

Stærð: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 6.0 m. þaksvallir, kjh. 2.1 m.

Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, með þaksvölum, byggður eins og það.

Stærð: L. 2.5 m. br. 3.3 m. h. 6.3 m. kjh. 2.1 m. skápak.

1083.07

Húsið, ásamt viðbyggingu og inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

173.600.-

Hafgildanda mat

922100

Gata og númer:

Skólavörðustígur 36.

Möt framkvæmd: 21/2/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr hlöðnum holsteini 12 x 9" þykkum. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og fastur skápur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Skilveggir eru allir úr timbri, með tvöfaldri panelklæðningu. Þiljur eru einnig neðan á loftbitum, allt lagt striga og pappír og málað innan. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í neðri hæðinni. Gólf er öll úr timbri og milligólf í báðum bitalögum og stoppað er með sagspónum á milli gólfanna.</p> <p>Stærð: L. 8.2 m. br. 7.5 m. h. 6.1 m. ris 1.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurgafli hússins, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar og v.s.</p> <p>Stærð: L. 3.0 m. br. 3.0 m. h. 6.0 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>45.000.-</p>
<p>b. Geymsluhús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar eru 2 geymsluherbergi og þvottaherbergi. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu. Skúrinn er múrsléttaður utan.</p> <p>Stærð: L. 7.4 m. br. 2.5 m. h. 2.3 m. skápak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	<p>1.720.-</p>
	<p>Samtals <u>46.720.-</u></p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 37.

Möt framkvæmd: 10/5/1945.

Metið kr.

Sjúkrahús, þrilyft, með stórum hornkvisti, risi, 3 gluggakvistum og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og þakhellu. Í húsinu eru 4 loft heil og loft yfir kvistinum úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum vírneti. Allt er húsið múrsléttað innan og málað. Í þremur aðal hæðunum er sama herbergjaskipun, í hvorri fyrir sig eru 7 íbúðarherbergi, eða sjúkrahústofur, eldhús, baðherbergi, v.s., fataklefi, fastur skápur, anddyri og 2 gangar. Í rishæðinni eru 5 herbergi, 4 geymsluklefar, anddyri og gangur. Í kjallaranum er eldhús, þvottahús, þerristofa, miðstöðvarherbergi, lyftuklefi, 3 geymsluherbergi, v.s., anddyri og gangur. Í þaksúðina er stoppað með sagspónum og pappa á milli þiljanna. Terrasso-yfirsteypa er á gólfum ytra anddyris og 2 stofum í hvorri hæð. Stigar eru úr steinsteypu og gúmmí er á þeim öllum, sem og stigapöllum og anddyrum að gangahurðum og baðherbergjum. Húsið er múrsléttað utan.

Stærð: L. 18.4 m. br. 10.0 m. h. 8.6 m. ris 2.9 m. kjh. 2.0 m.

Viðbygging er við norðurhlíð hússins, meðfram Kárástíg, er byggð eins og aðal húsið að ytri og innri frágangi. Hún er fjórlyft. Í kjallara viðbyggingarinnar er kæligeymsla. Í neðstu hæðinni er gangur, en í efri hæðunum þremur er sitt herbergið í hvorri.

Stærð: L. 3.5 m. br. 5.1 m. h. 8.6 m. ris 2.9 m. kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

669.000.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 38.

Möt framkvæmd: 3/2/1923.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, úr grásteini, með kvisti, porti og risi. Þak er úr jární á bordasúð, með pappa á milli. Í aðal hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar. Skilveggir allir eru úr timbri og bitalög. Milligólf er í öllum bitalögum og fyllt upp með sagspónum og pappa undir þeim. Innan á útveggjum er asfaltpappi og grind. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í aðal hæðinni. Á skambitum er þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu, með langskilvegg og gólfi úr steinsteypu. Í suðurhlíð hans er afhólfuð 2 geymsluherbergi, þvottahús og v.s. Norðurhlíð kjallarans er ósundurhólfuð.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 8.2 m. h. 4.4 m. ris 3.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgafli hússins, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar.</p> <p>Stærð: L. 2.9 m. br. 5.0 m. h. 3.3 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	45.302.-
<p>b. Geymsluskúr, úr grásteini, með járnþaki á langböndum og steinsteypugólfi.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 3.8 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	2.501.-
	Samtals 47.803.-

<p>Virt 22/7 1977.</p> <p><u>Viðbygging:</u></p> <p>Innrétting húsbóndaerbergi, skrifst. að hálfu klætt með harðvið, borókrókur klæddur úr Novapan plötum máluðum. Einn gluggi með steindu gleri .</p> <p>Háaloftsherbergi í veruherbergi klætt með Novapan plötum máluðum.</p> <p>A) Stærðir: L. 10,0 m., br. 8,2 m., h. 4,4 m., ris 3,4 m., kj. 2,5m) L. 2,90 m., br.5.0 m., h. 3,3 m., s.þ. " 2,5m) 849 m³ L. 5,10 m., br.3.03m., h. 2,8 m., ris 2,2 m.,) B) L. 6,3 m., br. 3,8 m., h. 2,5 m., s.þ.) 60 m³</p> <p>Húsið, viðbygging ásamt tilheyrandi er virt á</p>	kr. 21.341.000

Gata og númer:

Skólavörðustígur 40.

Möt framkvæmd: 21/1/1940.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús m/stórum kvisti á bakhlið þess, byggt úr timbri, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi og geymsluskápur. Í kjallaranum er baðherbergi, v.s., miðstöðvarherbergi og geymsla. Allar íbúðir hússins eru þiljaðar innan, strigalagðar og ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan.</p> <p>Stærð: L. 6.4 m. br. 5.7 m. h. 2.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Við suðurhlið hússins er inngönguskúr, byggður eins og húsið, hólfður í sundur í 2 ganga.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 1.9 m. h. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	11.726.-
<p>b. Geymsluskúr, byggður úr bindingi.</p> <p>Stærð: L. 5.6 m. br. 3.8 m. h. 1.9 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	600.-
<p>c. Hesthús og hlaða, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum og járni, þar yfir á veggjum og þaki. Það er með steinsteypugólfi og timburgólfi og í því eru 5 básar.</p> <p>Stærð: L. 7.4 m. br. 3.7 m. h. 2.4 m. ris 1.2m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	1.890.-
Samtals	14.216.-

Möt framkvæmd: 10/11/1958.	Metið kr.
<p>Er nýtt íbúðar-og verzlunarhús, fjórar hæði, ris og kjallari, byggt úr steinstöypu, einangrað með korki, múrhúað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.</p> <p>Á 1. hæð er verður væntalega verzlun.</p> <p>Á 2. hæð eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús m/ 2 boðkrókum, 2 baðherergi m/ 2 kelaugum, 2 v. s. og 2 handlaugar, stigahús og 2 forstofur. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Tvöfalt gler er í gluggum.</p> <p>3 Svalir.</p> <p>3. og 4. hæð er eins og 2 hæð.</p> <p>Þakhæð er ónothæf.</p> <p>Í kjallara er gangur, þvottahús, , kyndiklefi m/hitaveitupphitun og olíukyndingarkatli til vara og 4 geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 15.83m., br. 12.3m., h. 10.8m., ris. 1.2m., kj. 2.1m., = 2.628.45m³</p> <p>Húsið með tilheyndi er metið á..... Kr.</p>	<p>2.102.800.-</p>

Gata og númer:

Skólavörðustígur 41.

Möt framkvæmd: 1/6/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, með kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í binding er fyllt með marhálmi. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar. Allt þiljað, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 herbergi, þiljuð og máluð. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi, anddyri og gangur.

Stærð: L. 7.2 m. br. 5.2 m. h. 2.7 m. ris 2.2 m. kjh. 1.8 m.

Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það.

Stærð: L. 1.3 m. br. 1.3 m. h. 2.2 m. skábak.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

28.890.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 42.

Möt framkvæmd: 10/5/1945.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og vírneti á veggjum og með þaki úrborðasúð, pappa, listum og bárujárnri. Húsið er allt múrhúsað utan með skeljasandi. Suðurhlið hússins er tvílyft, en norðurhliðin einlyft, með porti og risi. Allar íbúðir hússins eru þiljaðar innan, strigalagðar og ýmist veggfóðraðar eða olíumálaðar. Í hvorri hæð fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 3 fastir skápar, stigangur, forstofa og anddyri. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., anddyri og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er geymsluherbergi. Í kjallaranum er enn fremur þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og geymsluklefi.

Stærð: L. 6.3 m. br. 10.0 m. meðalh. 4.7 m. meðalris 2.0 m. kjh. 2.1 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

107.200.-

Virt: 30/7 1980.

Frá síðasta mati hafa orðið breytingar á húsinu.

1.hæð: Þar eru verðlanir með tilhayrandi innréttingum. Lagnir eru allar nýjar.

2.hæð: Íbúðin endurbætt, baðherbergi nýtt.

3.hæð: Þar er íbúð, baðherbergi nýtt.

Húsið klætt að utan og nýtt þak.

Stærðir hússins eru óbreyttar eða 491 m³

39.280.000.-

91 m³

5.000.000.-

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.

44.280.000.-

Möt framkvæmd: 1/5/1941.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Innan á binding eru listar og pappi og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Allt þiljað, bæði útveggir, skilveggir og neðan á loftbita, lagt striga og véla-pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og 3 skápar. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 3 geymsluherbergi og þvottahús. Geymsluherbergin eru þiljuð innan með panel.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 3.8 m. ris 2.0 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlið hússins, byggðhr eins og það, bæði að ytri og innri frágangi. Baðherbergi og v.s. er í efri hæðinn. Kjallari er undir skúrnum og er þar inngangur í kjallarann.</p> <p>Stærð: L. 3.9 m. br. 2.2 m. h. 5.4 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p>	
Husið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	26.230.-
<p>b. Viðbygging er við austurgafli litra a, úr steinsteypu á 3 vegu og með járnþaki á pappa og borðasúð. Steinsteypugólf er í viðbyggingunni og öll er hún klædd innan með tréteþplötum og hvíttuð. Meginhluti hennar er stór listmálningarsalur og anddyri. Þó er þar einnig geymsluskápur og skápur umhverfis sýningarglugga.</p> <p>Stærð: L. 6.5 m. br. 9.0 m. h. 4.3 m. skápak.</p> <p>Viðbyggingin er virt á.....</p>	
Viðbyggingin er virt á.....	18.240.-
<p>c. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð.</p> <p>Stærð: L. 6.6 m. br. 3.6 m. h. 2.5 m. skápak.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	1.800.-
Samtals	46.270.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 44a.

Möt framkvæmd: 1/5/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum inná á. Allt lagt striga og pappa og ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni.

Stærð: L. 5.3 m. br. 7.0 m. h. 5.4 m. ris 1.2 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

26.955.-

Gata og númer:

Skólavörðustígur 45.

Möt framkvæmd: 1/3/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með valmabaki og kjallara, úr steinsteypu með járn-
baki á pappa og borðasúð. Loft og gólf eru öll úr járnbentri steinsteypu.
Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, fastur skápur, lyftuklefi, anddyri
og gangur. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 6 fastir
skápar, anddyri og gangur. Allir skilveggir hússins eru úr steinsteypu, að
undanteknum 2 innveggjabútum í efri hæðinni, sem eru úr bindingi, klæddir
tvöföldum þiljum. Innan á öllum útveggjum hússins er borðagrind með pappa í,
listum og þiljum þar innan á. Allar þiljur eru lagðar striga og allt er húsið
ýmist veggfóðrað eða málað innan. Í þaklyfti er geymsla og þurrkloft.
Í kjallaranum, sem er með steinsteypugólfi og skilveggjum er 1 íbúðarherbergi,
eldhús, búr og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhöðum
hússins. Ennfremur er þar þvottaherbergi, kolageymsla, v.s., lyftugöng,
fastur skápur og gangur. Veggir baðherbergis og eldhúss, umhverfis eldavél
og eldhúsborð eru lagðir postulínsflísum í 1.5 m. hæð og gólfin eru lögð
leirflísum. Í stærsta herbergi neðri hæðarinnar er parketgólf. Stigar eru allir
úr timbri og allt er húsið sementssléttuð utan. Við vesturgöng hússins eru
háar steinsteyputröppur, undir þeim er anddyri inn í kjallarann og stór
geymsluklefi.

Stærð: L. 9.5 m. br. 8.8 m. h. 6.9 m. ris 2.0 m. kjh. 2.5 m.

<p>Nýtt íbúðarhús, og bílskúr. Íbúðarhúsið er 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri á steinsteyptan kjallara, múrhúðað og cremað utan, klætt innan vikri og timbri og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. -</p> <p>Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v. s. og handlaug, anddyri, innri forstofa, allt múrhúðað, málað og dúklagt, skápar í svefnherbergi. -</p> <p>Þakhæð er óinnréttuð. - Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v. s. og handlaug, anddyri innri forstofa, allt málað og dúklagt, ennfremur þvottahús m/olíu-miðstöð og geymsla.</p> <p>Stærð hússins : L. 11.0 m. Br. 5.5 m. H. 2.8 m. ris 1.3 m. kj. 2.6 m. = 369.05 m³</p> <p>A. Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 203.000.00</p> <p>B. Bílskúr steinsteyptur, slétt húðaður utan og innan og með bárujárnsþaki.</p> <p>" Stærð skúrsins : L. 6.20 m. Br. 7.60 m. H. 2.5 m. ris 0.8 m. = 136.65 m³</p> <p>" Bílskúrin með tilheyrandi er metið á kr. 38.300.00</p> <p style="text-align: right;"><u>Samtals kr. . 241.300.00</u></p>	
<p><u>Virt: 9/2 1979.</u></p> <p>Samræmismat.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati eða</p> <p style="margin-left: 400px;">A.liður: 369 m³</p> <p style="margin-left: 400px;">B.liður: 137 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 21.042.000.-</p>	<p>17.343.000.-</p> <p>3.699.000.-</p> <hr style="border-top: 1px dashed black;"/> <p>21.042.000.-</p>

Gata og númer:

SOGAVEGUR 194

Möt framkvæmd: 15/3 1954	Metið kr.
<p>Flutt íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari undir nokkrum hluta, byggt úr timbri, klætt utan bárujárni, einangrað texti, pappa og múrhúð og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. - Á hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., anddyri, gangur, fastur skápur í anddyri og svefnherbergi, allt málað og dúklagt. - Þakhæðin er óinnréttuð gey geymsla. - Í kjallara, sem er steinsteyptur, er þvottahús m/olíu- og kolamiðstöð með sérútgangi, ennfr. geymsla undir útitröppum.</p> <p>Stærð hússins : L. 8.1 m. Br. 6.0 m. H. 2.8 m. ris 1.5 m. = 174.96 m³ " " : L. 3.8 m. Br. 8.3 m. H. 2.8 m. ris 1.0 m. = 104.08 m³ " kjallara : L. 5.2 m. Br. 4.2 m. H. 2.1 m. = 45.86 m³ Alls 324.90m³</p> <p>Húsið, með viðbyggingu og tilheyrandi, er metið á kr. 162.500.00</p>	

Gata og númer:

SOGAVEGUR 196.

Möt framkvæmd: 10/8/1961.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris með 2 kvistum, hlaðið úr sandsteini með múrhúðugu timburlofti, einangrað með kork, múrhúðað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Olíukynding.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar. Ennfremur er kyndiklefi og þvottahús á hæðinni.</p> <p>Í risi eru 2 íbúðarherbergi, stigi og forstofa. Málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar.</p> <p>Stærð hússins: L. 8.65 m., br. 9.33 m., h. 2.8 m., ris 3.00 m. = 347.00 m³. Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr.</p>	<p>381.700.-</p>

Gata og númer:

SOGAVEGUR 198.

Möt framkvæmd: 17/11/1962.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris með 2 kvistum, hlaðið úr vikursteini, einangrað með korki, slétthúðað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og alumíníum. Upphitun er með olíu.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Ennfremur er á hæðinni þvottahús + kyndiklefi.</p> <p>Í ris hæð er 1 íbúðarherbergi, stigi, innbyggðir skápar. Málað og dúklagt, tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar. Hinn hluti rissins er foheldur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.6 m., br. 10.52 m., h. 2.8 m., m/ris 2.0 m. = 304. 00 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á</p>	<p>kr. 365.000.-</p>

Gata og númer:

SOGAVEGUR 200.

Möt framkvæmd: 20/5/1961.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris m/3 kvistum og kjallari undir hálfum hluta hússins, hlaðið úr holsteini, einangrað með korki, slétthúðað og málað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Olíukynding.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar.</p> <p>Í þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, stigi og forstofa. Risíbúð er ófrágengin.</p> <p>Í kjallara er anddyri, þvottahús, kyndiklefi og 1 geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.7 m., ris 2.0 m.</p> <p>" 3.7 " " 6.9 " " 2.7 " " 2.4 " kjh. 2.2 m. = 411.9 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr.</p>	<p>432.500.-</p>

Gata og númer:

SOGAVEGUR 202.

Möt framkvæmd: 10/3/1962.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris með tveim kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu og timbri, forskallað innan og með steiptum gólfum, einangrað með korki, ca. hálfur hluti hússins er slétthúsað utan annars óhúsað. Með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum.</p> <p>Í þakhæð er stigahús, en að öðru leyti er rishæðin ósundurhólfuð og ófrágengin.</p> <p>Í kjallara er þvottahús og kyndiklefi, 4 geymslur. Kjallari er foheldur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.00 m., br. 6.75 m., h. 2.8 m., ris 2.5 m., kjh. 2.5 m. = 490.00 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr.</p>	<p>598.000. -</p>

Möt framkvæmd: (5/6/1953.) 10/10/1953.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn, klætt utan bárujárni, en innan bylgjupappír, spónastoppi og texti og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fatahengi og 4 fastir skápar, herbergin veggfóðruð og málað, hitt málað, nema gangur veggfóðraður með vaskaveggfóðri, allt dúklagt. Ennfremur niðurgrafinn og steinsteyptur klefi fyrir þvottahús m/kolamiðstöð. Þakhæðin er ósundurhólfuð geymsla.</p> <p>Stærð hússins: L 9.5 br. 8.0 h. 2.8 ris 1.8 = 281.2 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>135.000.00</p>
<p><u>Virt 10/10/1953.</u></p> <p>Húsið hefir nú frá síðasta mati 5. júní 1953, endanlega verið fullgert: Rishæðin þiljuð með trétexi, gluggar tvímálaðir, settar á húsið málaðar vindskeiðar, kyndiklefi málaðar, reykháfur og tröppur þússað og útbúið 1 herbergi í suðurenda rishæðar, með föstum skápi.</p> <p>Íbúðarhús: L 9.5 br. 8.0 h. 2.8 ris 1.8 = 281.2 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>154.600.00</p>
<p><u>Virt 31/7 1955.</u></p> <p>Er óbreytt frá síðasta mati 10. okt. 1953, en vel umgengið, fóðrað þak, allt málað.</p> <p>Íbúðarhús: L 9.5 m. Br. 8.0 m. H. 2.8 m. ris 1.8 m. = 281.2 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr.</p>	<p>210.900.00</p>

Möt framkvæmd: 10/8/1961.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris með 1 kvisti, hlaðið úr steini, einangrað með kork, múrhúðað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Olíukynding.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Ýmist einfalt eða tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Auk þessa er þvottahús með kyndiklefa á hæðinni.</p> <p>Í risi eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigi og forstofa. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. 1 geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.15 m., br. 6.40 m., h. 2.8 m., ris 3.00 m. " 3.40 " " 1.20 " " 3.0 " fl. þak. " 4.90 " " 1.04 " " 2.8 " ris 2.8 m. = 340.50 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr. 374.600.-</p>	
<p>Virt: 30/7 1980.</p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar ýmsar breytingar og bætur á húsinu. Einnig hefur bæst við húsið 82 m³ og er það sennilega bílskúr.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A.liður: = 341 m³ 28.985.000.- B.liður: L. 4.5 m., Br. 7.0 m., H. 2.6 m. = 82 m³ 3.280.000.- Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 32.265.000.-</p>	

Gata og númer: SOGAVEGUR 208

Möt framkvæmd: 31.12.80.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhuðað að utan og með stálpaki. Húsið er 1 hæð og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, skáli, 5 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðherb. með kerlaug, steypu, 2 v.s. og 2 handlaugum. Svalir eru á hæðinni. Innb. skápar eru. Hurðir eru úr harðvið. Veggir eru málaðir og dúkur er á gólfum. Tvöfalt gler er í gluggum. Auk þess eru á hæðinni þvottur og geymsla.</p> <p>Í kjallara, sem er ófullg. er 1 anddyri, baðherb. með 2. v.s. og 2 handlaugum. Tvöfalt gler er í gluggum. Auk þess eru í kjallara 2 geymslur og föndurherbergi.</p> <p>Bílskúr er fyrir tvo bíla.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 15,00 m., br. 10,55 m., h. 2,90 m., ris 1,40 m.</p> <p>" 15,00 " " 8,84 " kj. 2,50 " Samtals 902 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	82.262.000,00

Gata og númer:

SOGAVEGUR 210.

Möt framkvæmd: 25/8/1962. 29/10/1969	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari undir hálfum hluta hússins, byggt úr hlöðnum holsteini, einangrað með vikri, slétthúsað og málað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum.</p> <p>Ris er ónothæft.</p> <p>Í kjallara er þvottahús, kyndiklefi og 1 geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.15 m., br. 6.4 m., h. 2.7 m., ris 2.2 m. " 3.40 " " 1.2 " " 2.7 " " flatt. " 4.90 " " 1.4 " " 2.7 " " 1.5 m.</p> <p>kj. " 11.15 " " 4.3 " kjh. 2.3 m. = 416.44 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 458.000.-</p>	
<p><u>Virt:29/10/1969.</u></p> <p>Frá síðasta mati, 25/8/1962, hefur húsið tekið þeim breytingum, að byggðir hafa verið 2 kvistir úr timbri, einangraðir með plasti og múrhúsaðir. Tvöfalt gler er í gluggum og allt málað og dúklagt.</p> <p>Þar eru nú 4 íb. herbergi, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, og 1 geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.15 m., br. 6.4 m., h. 2.7 m., ris 2.2 m. L. 3.40 m., br. 1.2 m., h. 2.7 m., ris flatt. L. 4.90 m., br. 1.4 m., h. 2.7 m., ris 1.5 m.</p> <p>kj. L. 11.15 m., br. 4.3 m., kj. 2.3 m. = 416.00 m³ kvistur = 44 m³ 460.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 1.527.000.-</p>	

Gata og númer: SOGAVEGUR 212

Möt framkvæmd: 25/3/1960.	Metið kr.
<p>Er nýtt íbúðarhús, 1 hæð og kjallari undir ca. 1/3 hluta hússins, byggt úr vikursteini, einangrað með vikri, hraunað og "snowcemað" utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr krossviði. Einfalt gler er í gluggum. Auk þess er á hæðinni 1. geymsla.</p> <p>Í þakhlæð er geymsla.</p> <p>Í kjallara er þvottahús og kyndiklefi m/ olíukyndingarkatli.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 10.0m., br. 8.0m., h. 2.8m., ris. 1.8m.,</p> <p>L. 5.1m., br. 5.1m., h. 2.2m., ris</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á..... Alls kr.</p>	<p>353.22m³</p> <p>282.600</p>

Gata og númer:

SOGAVEGUR 218.

Möt framkvæmd: 28/2/1959.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, múrhúðað utan, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og með þrjá gluggakvisti.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Einfalt gler er í gluggum.</p> <p>Í þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug og stigahús. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Einfalt gler er í gluggum. Svalir.</p> <p>Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Einfalt gler er í gluggum. - Auk þess er í kjallara þvottahús, kyndiklefi m/olíukyndingarkatli og geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 10.5 m., br. 7.35 m., h. 2.65 m., ris 3.25 m., kj. 2.60 m.</p> <p>" 3.5 " " 0.85 " " 2.65 " " 2.60 m. Alls 588.70 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á Kr.</p>	547.500.-

Gata og númer:

SOGAVEGUR 220.

Möt framkvæmd: 17/11/1962.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris með 3 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, húðað marmara utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru úr harðviði.</p> <p>Rishæð er aðeins fokheld.</p> <p>Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Ennfremur er í kjallara þvottahús, kyndiklefi, 1 geymsla. Í eldhús vantar innréttingu.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 10.4 m., br. 7.5 m., h. 2.8 m., ris 3.7 m., kjh. 2.7 m.</p> <p>" 3.3 " " 0.9 " " 2.8 " " skáp. " 2.7 " = 585.7 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr.</p>	<p>703.000.-</p>

Möt framkvæmd: 25/8/1962.	Metið íkr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris með 1 kvisti og kjallari undir hálfum hluta hússins, einangrað með korki, slétt húðað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárn. Upphitun er með olíu.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. 1 svalir.</p> <p>Í þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar. 1 svalir.</p> <p>Í kjallara er þvottahús, kyndiklefi, 1 geymsla og v. s. m/handlaug.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 10.5 m., br. 7.35 m., h. 2.7 m., ris 3.25 m.</p> <p>" 3.5 " " 0.85 " " 2.8 " flatt þak</p> <p>kj. " 10.5 " " 3.80 " kjh. 2.5 m. = 454.2 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 522.000.-</p>	

Gata og númer: SOGAVEGUR 224

Möt framkvæmd: 30/jú 1954	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, korkklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. - Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. m/handlaug, anddyri, innri forstofa m/fataskápi, skáli með stiga, allt ýmist veggfóðrað eða málað og dúkar á gólfum. - Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri, v. s. og handlaug, stigahús, gangur, súðarskápar og smágeymsla, skilrúm eru úr vikri, súðin klædd asbesti, allt málað og dúklagt. - Í kjallara er þvottahús og olíumiðstöðvarklefi, annað ófrágengið.</p>	
Stærð hússins : L. 11.2 m. Br. 6.4 m. H. 3.2 m. ris 2.8 m. kj. 2.4 m.	
" útskots : L. 5.0 m. Br. 1.8 m. H. 3.2 m. ris 2.8 m. kj. 2.4 m. = 564.76 m ³	
Húsið með útskoti og tilheyrandi er metið á	kr. 282.400.00
	Kr. 282.400.00

Nú Sogavegur

Brunabóta nr. 3885

Gata og númer:

~~Mýragata. (Hjá Ananaustum)~~

Möt framkvæmd: 1/10/1941.

Metið kr.

Spennistöð, úr sterkbyggðum tréflökum, bæði veggir og bak.

Stærð: L. 4.5 m. br. 3.0 m. h. 2.6 m. ris 0.8 m.

Stöðin er virt á.....

2.460.-^v

Gata og númer:

Sogavegur - Bústaðavegur.

Möt framkvæmd: 21/2/1939.	Metið kr.
<p>Spennistöð, úr bindingi, klædd utan með plögðum borðum og með pappa þar yfir á þaki. Steinsteypugrunnur er undir stöðinni.</p> <p>Stærð: L. 3.3 m. br. 2.8 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>870.-^v</p>

Gata og númer:

S o g a v e g u r. (Sogabl. 1)

Möt framkvæmd: 2/12/1941. 28/6/1967	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með lágu geirarisi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum 1" borðum, pappa, járnlangböndum, vírneti og múrhúð á veggjum og með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárn. Í útveggjabindingi er filtpappalag. Innan útveggjabinding beggja megin á skilveggjagrind og neðan á loftbita er þiljað með panel, allt lagt með vélapappír og ýmist veggfóðraðeða málað innan. Í aðalherberginu eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anódyri og 2 gangar. Í kjallaranum er þvottahús og miðstöðvarherbergi, baðherbergi og geymsluherbergi. Kjallari er undir rúmlega $\frac{1}{2}$ húsinu.</p> <p>Stærð: L. 7.8 m. br. 8.8 m. h. 2.9 m. ris 1.5 m.</p> <p>Kj.st: L. 7.8 m. br. 4.8 m. h. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	27.810.-
<p><u>Virt:28/6/1967.</u></p> <p>Ný viðbygging frá síðasta mati, 2/12/1941, byggt úr timbri á steinsteyptum grunni, sem er kjallari undir, einangrað með plasti skilrúm úr timbri. Þar eru nú 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og baðherbergi m/tilheyrandi. Allt málað og gólf ýmist dúklögð eða með parkett í gluggum er tvöfalt gler og hurðir úr harðviði.</p> <p>Þakhæð: Óinnréttað.</p> <p>Kjallari: undir nýju viðb. þar er þvottahús, geymsla og 8 bílgeymsla.</p> <p>Stærð hússin:</p> <p>L. 7.8 m., br. 8.8 m., h. 2.8 m., ris 1.5 m.</p> <p>L. 4.0 m., br. 8.8 m., h. 3.4 m., kj. 2.10 m.</p> <p>kj. L. 7.8 m., br. 4.9 m., h. kj. 2.10 m. = 521.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt bílgeymslu og tilheyrandi, er virt á kr. 1.287.000.-</p>	1.287.000.-

Gata og númer:

S o g a v e g u r. (Sogabl. 2.)

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og járn á veggjum og þaki. Í aðalhöð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og 2 gangar. Gólf hússins eru úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggur í kjallara eru úr venjulegri steinsteypu. Skilveggir aðalhöðarinnar eru úr bindingi, klæddum insolite-plötum beggja megin. Einnig er insolite innan á útveggjabinding og neðan á loftbitum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á bitalögum er gólf. Þar uppi eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 fastir skápar og gangur, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallaranum er skipt í tvennt með skilvegg eftir honum endilöngum. Steinsteyputröppur eru við vesturhlíð hússins, undir þeim er geymsla og gangur í kjallarann.</p>	
Stærð: L. 7.6 m. br. 8.0 m. h. 3.2 m. ris 4.0 m. kjh. 1.9 m.	
<p>Inngönguskúr er byggður við húsið úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa listum á veggjum og þaki. Skúrin er þiljaður innan með panel og málaður. Steinsteyputröppur eru við hann.</p>	
Stærð: L. 2.1 m. br. 2.0 m. h. 2.5 m. skápak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	39.000.- ^v

Gata og númer:

S o g a v e g u r. (Sogabl. 3.)

Möt framkvæmd: (21/9/1929.) 28/2/1953.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan bárujárni á veggjum og þaki. Í aðalhæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Í útveggjabinding er pappi og sagspónastopp og plægðar þiljur þar innan á. Skilveggir eru úr binding með tvöföldum þiljum og þiljað er neðan á loftbita. Allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Gólf er á þakbitum og þar uppi er geymsla og burrkloft. Steinsteypugólf er í húsinu.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 6.4 m. h. 2.8 m. ris 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>9.090.-</p>
<hr/>	
<p><u>Virt 28/2/1953.</u></p> <p>Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta mati 21. september 1929, en á hæðinni hefir íbúðarherbergi verið breytt í forstofu og 3 herbergi innréttuð í risi, veggfóðruð og máluð.</p> <p>A. Íbúðarhús: L 6.9 br. 6.4 h. 2.8 ris 2.5 = 176.64 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 91.900.00</p> <p>B. Skúr er á lóðinni, áður ómetinn, úr timbri á steinsteiptum grunni, pappklæddur utan, með bárujárnsþaki, þiljaður innan og stoppaður með sagspónum, hólfaður í tvennt; í hann er rafleiðsla; notaður fyrir hænsni og til geymslu.</p> <p>Stærð: L 5.1 br. 3.0 h. 2.5 skápak = 38.28 m³</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... 7.700.00</p> <p style="text-align: right;">Samtals krónur 99.600.00</p>	
<hr/>	
<p><u>Virt: 17/2 1975.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur veri gerð endurnýjun á húsinu.</p> <p>Húsið hefur verið klætt og einangrað, áklætt bæði þak og útveggir.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A. L. 6.9 m., Br. 6.4 m., H. 2.8 m., Ris. 2.5 m., = 177 m³ 2.036.000.-</p> <p>B. L. 5.1 m., Br. 3.0 m., H. 2.5 m., Ris. skápak. = 38 m³ 152.000.-</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á... ..kr. 2.188.000.-</p>	

Gata og númer:

S o g a v e g u r. (Sogabl. 5)

Möt framkvæmd: (21/1/1942.) 28/1/1947.	Metið kr.	
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í binding er stoppað með sagspónum og þiljað innan á hann. Öll aðalhæðin er strigalögð og ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, fastur skápur og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottahús, þiljað neðan á loftbita, vírlagt og allt múrsléttað innan. Auk þess eru þar geymsluklefar.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 6.6 m. h. 2.8 m. ris 2.5 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og jární á veggjum og þaki. Skúrinn er þiljaður innan, vírlagður, múrsléttaður og málaður. Steinsteyputröppur eru við skúrinn. Undir þeim og honum eru 2 geymsluklefar.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 1.4 m. h. 2.6 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	26.825.-	
<p>b. Fuglahús er byggt úr bindingi, klætt utan borðum og pappa á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Húsið er þiljað innan og stoppað er það á milli þiljanna með sagspónum.</p> <p>Stærð: L. 8.1 m. br. 4.1 m. h. 1.8 m. ris 0.6 m.(kjh.)</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	2.240.-	
<p>c. Fuglahús, úr bindingi, klætt utan borðum og pappa á veggjum og þaki. Skúrinn er allur þiljaður innan og stoppað er á milli þiljanna, með sagspónum. Skúrinn stendur á steinsteypugrunni og steinsteypugólf er í honum. Hænsna-pallur og setustangir eru í skúrnum, einnig sjálflokandi hreiður.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 4.5 m. meðalh. 2.2 m. skápak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	3.555.-	
	Samtals 32.620.-	
<p>Húsin eru í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 21. jan. 1942.</p> <p>Fuglahúsin eru nú aljárnvarin.</p> <p>A. Íbúðarhús: L 8.0 m, br. 6.6 m, h. 2.8 m, ris 2.5 m, kj. 2.0 m.</p> <p>A Inniskúr : L 2.2 m, br. 1.4 m, h. 2.6 m, skápak, kj. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er virt á.....</p> <p>B Fuglahús, 2 skúrar: L 8.1 m, br. 4.1 m, h. 1.8 m, ris 0.6 m.</p> <p>Hús þetta, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>		83.700.-
	flyt 10.500.-	
	94.200.-	

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr
Flutt.....	94.200
C. Fuglahús: L 8.0 m, br. 4.5 m, h. meðal. 2.5 m, skáþak.	
Hús þetta ásamt tilheyrandi er virt á.....	11.800.-
D. Bifreiðaskúr hefir verið byggður úr timbri, klæddur pappa á veggjum og þaki, ósundurhólfður.	
Stærð: L 5.6 m, br. 3.1 m, h. 2.3 m.	
Bifreiðaskúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	2.600.-
Samtals.....	1108.600.-

Gata og númer:

S o g a v e g u r. (Sogabl. 6)

Möt framkvæmd: (21/9/1934.) b. 20/11/1945. a. 29/6/1946.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og bárujárni á veggjum og þaki. Í útveggjabindingi er filtpappalag og að innan er það þiljað með sellotex-plötum, veggfóðra-ð og málað. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Kjallaragólf og langskilveggur þar er úr steinsteypu. Í kjallaranum er þvottahús, geymsluherbergi og 2 fuglaherbergi. Hann er múrhúðaður utan. Steinsteypu-tröppur eru við húsið. Undir þeim er gangur inn í kjallarann. Stærð: L. 7.8 m. br. 7.7 m. h. 2.9 m. ris 3.1 m. kjh. 1.9 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	10.410.-
<p>b. Fuglahús hefir verið byggt á lóðinni, úr vikurholsteini með þaki úr timbri og asbesti. Neðan á langbönd er klætt trétexi, sem og innri útveggi. Steinsteypugólf er í húsinu og það múrhúðað utan. Það er hólfað í 2 hluta með trétexskilvegg og timburbinding, hitað með rafmagni. Utungunarvél, olíu-hituð er það. Stærð: L. 12.0 m. br. 6.0 m. h. 2.2 m. ris 1.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	20.800.-
Samtals	31.210.-
<p>A. Húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati, en þó endurbætt. Húsið var síðast metið 21/9/1934. Stærð: L. 7.8 m. br. 7.7 m. h. 2.9 m. ris 3.1 m. kjh. 1.9 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	86.900.-
<p>B. Fuglahúsið er metið þann 20/11/ 1945, ásamt tilheyrandi á.....</p>	20.800.-
Samtals	107.700.-

Gata og númer:

Sogavegur. (Sogabl. 8)

Möt framkvæmd: (1/4/1942.) (28/1/1946.) 15/1/1958.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og anddyri. Allt þiljað innan og neðan á loftbita, strigalagt, veggfóðrað og málað. Milligólf er í bitalögum og sagspónastopp á milli gólfanna.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 3.0 m. ris 1.0 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Íbúðarskúr er við húsið, byggður eins og það að ytri og innri frágangi. Þar eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Kjallari með steinsteypugólfi og skilvegg er undir allri byggingunni. Þar er íbúðarherbergi og geymsla.</p> <p>Stærð: L. 3.4 m. br. 6.3 m. h. 2.5 m. skáþak, kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt íbúðarskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	26.470.-
<p>Húsið hefir verið endurbætt allmikið frá síðasta mati 1/4/1942, hvað viðhald snertir. Í kjallara eru nú 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús með rafmagnseldavél, 1 v.s. og inngangur. Auk þess er þar miðstöðvarherbergi og geymsla. Íbúðarherbergin eru klædd með trétexi og ýmist veggfóðruð eða máluð. Dúkar eru á gólfum. Geymsluhús er á sömu lóð, úr timbri. Þak er járnvarið en veggir pappaklæddir. Timburgólf er í skúrnum.</p> <p>Stærð íbúðarhússins: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 3.0 m. ris 1.0 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>" viðbyggingar: L. 3.4 m. br. 6.3 m. h. 2.5 m. skáþak, kjh. 2.7 m. viðbyggingu og</p> <p>Húsið ásamt/tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>B. Geymsluskúr: L. 3.5 m. br. 3.4 m. h. 2.2 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	88.600.-
	1.400.-
	Samtals 90.000.-

Virt 15/1. 1958.	
Frá síðasta mati 21/1. 1946, óbreytt að stærðum, en óskast metið til samræmingar við hækkað verðlag.	
Stærð hússins:	
A: L. 7.5 m., br. 6.3 m., h. 3.0 m., ris 1.0 m., kj. 2.7 m.,	
viðb.: " 3.4 m., " 6.3 m., " 2.5 m., flatt þak. " 2.7 m., Samtals 404.33 m ³ .	303.200.-
B: " 3.5 m., " 3.4 m., " 2.2 m., " " = 26.18 m ³ .	3.800.-
Húsið með tilheyrandi er metið á	Alls kr. , 307.000.-

Gata og númer:

Sogavegur. (Sogabl. 9)

Möt framkvæmd: (21/8/1933.) 10/12/1947.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr timbri, járnvarið. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og anddyri. Í rishæðinni er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt biljað, með panel, strigalagt, veggfóðrað og málað. Þar er ennfremur geymsluklefi og súðarskápur. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottahús, miðstöðvarklefi, geymsluherbergi, hænshús og gangur. Stærð: L. 7.6 m. br. 6.3 m. h. 2.9 m. ris 2.5 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>10.672.-^v</p>
<p>10/12/1947.</p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21. ágúst 1933, en nú er verzlun í einu herbergi hæðarinnar og hænsemi eru höfð í einu herbergi í kjallara, án útungunarv. Íbúðar- og verzlunarkús : L 7.6 m., br. 6.3 m., h. 2.9 m., ris 2.5 m., kj. 2.0 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>70.100.-</p>

Gata og númer:

S o g a v e g u r. (Sogabl. 10)

Möt framkvæmd: 6/12/1944.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, er byggt þannig, að eldri hluti hússins, er byggður úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki, þar utan yfir eru steinsteyptir þunnir veggir, allt húðað utan með kvarzi og tinnu. Í útveggjabindingi er pappi og sagspónastopp. Gólf er úr timbri, skilveggir úr bindingi, með tvöföldum þiljum, þiljað er innan á útveggi og neðan á loftbita, allt strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Gólf er á þakbitalögum og þar uppi er geymsla. Veggsvaíir eru á suðurhlíð hússins. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, búr og anddyri. Dúkar eru á gólfum. Í kjallara, sem er steinsteyptur er þvottahús og geymsluklefi. Inngönguskúr er við suðurgafi hússins, byggður eins og það og geymsluskúr. Við norðurendann er byggð framlenging úr vikurholsteini á steiptum grunni. Þak hennar er úr borðum, pappa og jární. Innan á útveggi er múrhúðað og málað. Loft er úr timbri, striga- og pappalagt og málað. Gólf er steipt og dúklagt. Viðbygging þessi er ósundurhólfuð. Hún er múrhúðuð með skel. Í húsinu er miðstöð, rafeldavél og v.s.</p> <p>Stærð: L. 10.6 m. br. 6.0 m. h. 2.7 m. ris meðalh. 1.0 m.</p> <p>Kj.st: L. 6.1 m. br. 3.0 m. h. 2.0 m.</p> <p>Stærð inngönguskúrs: L. 1.1 m. br. 1.8 m. h. 2.2 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>55.200.^v-</p>

Gata og númer:

Sogavegur - Grensásvegur.

Mói framkvæmd: 21/2/1939.	Metið kr.
<p>Spennistöð, úr bindingi, klædd utan með plægðum borðum og með pappa þar yfir á baki. Steinsteypugrunnur er undir stöðinni.</p> <p>Stærð: L. 3.3 m. br. 2.8 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	870.-

Gata og númer:

Sogavegur, Fagrigidalur. (Sogam. 5)

Möt framkvæmd: 1/11/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og gripahús, úr steinsteypu, með þaki úr bárujárni, ýmist á pappa og borðasúð eða langböndum.</p>	
<p>Eldhús er byggt eins og áður segir og með járnþaki, með pappa á milli. Þar er eldhús, íbúðarherbergi, fastur skápur, gangur og anddyri. Gólf er úr járnþentri steinsteypu og timburgólf þar yfir. Skilveggir eru úr steinsteypu og með þiljum innan á. Borðaklæðning er einnig neðan á skammbitum og innan á þaksperrum. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Á skammbitum er gólf og geymsla er þar uppi. Kjallari með steinsteypugólfi og skilveggjum er undir öllu húsinu. Þar er þvottaherbergi, geymsluherbergi og stigagangur.</p> <p>Stærð: L. 5.9 m. br. 4.3 m. h. 1.5 m. ris 2.5 m. kjh. 2.1 m.</p>	
<p>b. Baðstofa er ósundurhólfuð á aðal hæð þessa húss og að öllu leyti eins byggð, bæði að efni til og frágangi eins og eldhúsið. Í kjallaranum undir baðstofunni er fjós, með steinsteypugólfi og 5 kúabásar úr timbri og með timburjötum.</p> <p>Stærð: L. 5.9 m. br. 4.0 m. h. 1.5 m. ris 2.5 m. kjh. 2.1 m.</p>	
<p>Húsið allt, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	26.780.-
<p>c. Hesthús, er byggt við norðurgafli baðstofunnar úr steinsteypu, út- og innveggir og gólf. Þak er úr pappa og bárujárni á langböndum.</p> <p>Stærð: L. 6.5 m. br. 4.5 m. h. 3.0 m. skáþak.</p>	
<p>Húsið, er virt á.....</p>	6.960.-
<p>d. Heyhlaða er byggð við austurhlíð baðstofunnar úr samskonar efni og með sama frágangi eins og hesthúsið, nem hvað í henni er moldargólf.</p> <p>Stærð: L. 10.4 m. br. 4.4 m. h. 3.7 m. ris 2.5 m.</p>	
<p>Hlaðan er virt á.....</p>	11.400.-
<p>e. Fuglahús, úr bindingi, klætt utan borðum á veggjum og þaki. Þakið er þappalagt. Húsið er allt þiljað innan og stoppað í bindinginn með sagspónum í því er steinsteypugólf.</p> <p>Stærð: L. 7.3 m. br. 3.5 m. h. 2.0 m.</p>	
<p>Húsið er virt á.....</p>	3.500.-
<p>f. Íbúðarskúr hefur verið byggður áfastur við austurhlíð hlöðunnar úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa, vírneti og múrhúð. Þak er úr plögðri borðasúð, pappa og bárujárni. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., geymslu-klefi og allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Steinsteypugólf og grunnur er undir húsinu.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. skáþak. Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á</p>	15.640.-

Sogavegur 111-113.

Gata og númer:

Sogavegur, Melbær. (Sogam. 12.a)

Möt framkvæmd:	21/4/1943.	Metið kr.
a.	Íbúðarhús, einlyft, með porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa og listum á milli. Í aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur og gangur. 2 gólf eru úr járnþentri steinsteypu en skilveggir allir í kjallara og í aðalhæðinni, sem og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi og gangur. Her uppi eru allir skilveggir úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á skambita og innan ábaksperrur og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í kjallaranum er þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 3 geymsluherbergi og gangur. Stærð: L. 8.8 m. br. 7.1 m. h. 4.0 m. ris 3.3 m. kjh. 2.2 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	59.120.-
b.	Gripahús og heyhlaða er byggð áfast við austurhlíð litra a, úr steinsteypu, með þaki úr jární á langböndum. Í suðurenda þess er fjós, með lofti og gólfi úr járnþentri steinsteypu. Skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Í fjósinu eru timburbásar fyrir 6 kýr. Undir því er áburðarkjallari, allur úr steinsteypu. Heygeymsla er í norðurenda hússins, frá kjallaragólfi að mænir og á fjósloftinu. Með steinsteypuveggjum á alla kanta er afhólfður gangur á norðvesturhorni þess húss, fyrir aðalhúsið. Auk gangsins er hér einnig v.s. Stærð: L. 8.8 m. br. 6.8 m. h. 4.0 m. ris 3.3 m. kjh. 2.0 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	37.940.-
Samtals		97.060.-
<p><u>Mirt:26/10.1978.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur húsið verið endurnýjað. A.liður: Þar hefur verið þak á öllu húsinu. B.liður: Þar hefur einnig verið skipt um þak á húsinu, og hann gerður að íbúðarhúsi. Þar er nú tvö herbergi og anddyri, skipt um glugga, snyrtiherbergi m/tilheyrandi, á efri hæðinni hefur verið sett nýtt viðargólf, og nýir gluggar, eldhús og svefnpláss, allar lagnir nýjar. Í kjallara er geymslupláss.</p> <p>Stærðir:</p> <p>A.liður: L. 8,8 m., Br. 7,1 m., H. 4,0 m., Ris. 3,3 m., KJ. 2,2 m. =487m³ kr. 13 636.000.-</p> <p>B.liður: L. 8,8 m., Br. 6,8 m., H. 4,0 m., Ris. 3,3 m., Kj. 2,0 m. =455m³ kr. 12.740.000.-</p> <p>A. og B.liður ásamt tilheyrandi er virt á..... kr. 26.376.000.-</p>		

Gata og númer:

Sogavegur, Réttarholt. (Sogam. 10)

a, b, c og d. Möt framkvæmd: 1/9/1940.- e. 28/1/1947.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa, listum og borðasúð. Ris er á húsinu og kjallari undir því. 2 loft eru úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf úr venjulegri steinsteypu. Í aðal hæðinni er 1 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Innan á útveggjum er borðagrind, pappi, listar og þiljur þar innan á, lagðar striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, fataklefi, 4 hliðarskápar og gangur. Hér eru allir skilveggir úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig innan á þaksperrur og neðan á loftbita. Allt strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er fjós með 6 kúabásum, þvottaherbergi, geymsluherbergi og gangur. Húsið er allt sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 8.5 m. br. 6.2 m. h. 2.7 m. ris 3.5 m. kjh. 2.1 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	19.730.-
<p>b. Fjós er byggt við austurgöfl íbúðarhússins. Hliðarveggir eru ca. ½ úr steinsteypu, en hinn hluti þeirra er úr bindingi, klæddur utan pappa og bárujárn. Innan á bindinginum eru vírlagðar og múrsléttaðar þiljur. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járn. Þiljað er innan á þaksperru og stoppað er í bindingi og á milli sperra með sagsþónum. Grunnur og gólf fjóssins er úr steinsteypu. Í fjósinu eru 12 kúabásar úr tré, hotnar þeirra eru úr ½ plönkum. Brynningaráhöld eru við hvern bás. Tvöfaldar þiljur eru á milli heyhlöðunnar og fjóssins.</p> <p>Stærð: L. 7.3 m. br. 8.3 m. h. 2.1 m. ris 1.2 m.</p>	
Fjósið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	11.000.-
<p>c. Heyhlaða er úr bindingi, klædd utan með bárujárn á langböndum. Þar er afþiljaður mjólkurklefi og þöðurgeymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 8.3 m. br. 7.6 m. h. 4.0 m. ris 4.0 m.</p>	
Hlaðan er virt á.....	7.580.-
<p>d. Hesthússkúr er byggður við heyhlöðuna úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og járn á veggjum og þaki.</p> <p>Stærð: L. 4.2 m. br. 2.2 m. h. 2.0 m. skábak.</p>	
Húsið er virt á.....	270.-
Samtals	38.580.-
<p>Fuglahús úr timbri, pappa og járn, byggt í stað útihúsanna, sem hafa verið rifin. Utan á binding er klætt borðum, pappa og vírneti og verður múrhúðað yfir. Innan á veggjum er pappi, listar, trétex, listar og panel-</p>	

Gata og númer:

SOGAVEGUR, RÉTTARHOLT. (Sogam.bl. 10)

Möt framkvæmd: (frh.) 5/4/1971.

Lyt

Metið kr.

38.850

klæðning. Neðan á sperrur er klætt panel og stoppað í milli með sagopónum. Í þeim hlutanum, sem nær er íbúðarhúsunum, er fæðugeymsla og heygeymsla, 3 básafjós með steiptum flór, fyrirhuguð sölubúð og v.s. Loft er yfir úr 5/4 gólfborðum. Þar eru 6 rímlastíur. Steiptur grunnur er undir þessum hluta með hraunsallalagi í steypunni. Hinn hlutinn er einsa byggður og áður er lýst. Þar eru 6 vírnetsmilligerðir, varpkassar, merginfóðurrennur, sjálfvirkar, vatnsútbúnaður, fuglasköft og allur frágangur hinn fullkomnasti. Spónasteypa er yfir steungólfinu. Húsið er hitað með rafmagni. Undir þessum hluta er steinsteiptur kjallari til geyslu.

Stærð hússins: L 15.4 m, br. 8.5 m, h. 2.5 m, ris 1.4m.

Stærð viðbygg: L 20.5 m, br. 6.5 m, h. 2.5 m, ris 1.4m, kj. 3.0 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er virt á..... 188.800.-

Samtals..... 227.380.-

Virt 28/2 1955.

Óbreytt að stærðum frá síðustu mötum 1. sept. 1940(A) og 28. jan. 1947(B).

Stafl. A íbúðarhúsið er óbreytt að öllu.

A. Íbúðarhús: L. 8.5 m. Br. 6.2 m. H. 2.7 m. ris 3.5 m. kj. 2.1 m. = 342.55 m³

" Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 205.500.00

B. Geyslan hefir verið innréttuð þannig, að nú eru þar 9 herbergi, ennf. skápar.

" Milligerðir eru úr timbri, gólfíð steinsteipt, útveggir úr timbri m/pappa og listum,

" klætt innan panel og masonit. Fuglahúsviðbyggingin er óbreytt.

" Fuglahús og geysla: L. 15.4 m. Br. 8.5 m. H. 2.5 m. ris 1.4 m.

" - dö -, viðbót : L. 20.5 m. Br. 6.5 m. H. 2.5 m. ris 1.4 m. kj. 3.0 m.

Alls 1.245.00 m³

" Húsið með viðbyggingu og tilheyrandi er metið á kr. 510.500.00

Kr. 716.000.00

Virt:5/4/1971.

Endürmetið til lækkunar, vegna verðyrnunar. Stærðir hafa verið leiðréttar.

Stærð hússins:

A: L. 8.5 m., br. 6.2 m., h. 2.7 m., ris 3.5 m., kj. 2.1 m. = 343.00 m³ 995.000.-

B: L.15.4 m., br. 8.5 m., h. 2.5 m., ris 1.4 m., kj.

" L.20.5 m., br. 6.5 m., h. 2.5 m., ris 1.4 m., kj. 2.4 m. =1165.00 m³ 1.200.000.-

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 2.195.000.-

Gata og númer:

Sogavegur, Vonarland.

Möt framkvæmd: (21/9/1926.) ^{2/4-1946.}	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, ^{og gripa} úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í aðalhlæðinni eru 3 íbúðarherbergi og ebdhús. Innan á útveggjum er borðagrind með 2 pappalögum í, listum og biljum þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum biljum og þiljað er neðan á loftbita. Allt lagt striga og véla-pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Gólf er úr járnþentri steinsteypu. Kjallari er undir öllu húsinu, með gólfi og skilveggjum úr steinsteypu. Þar er fjós fyrir 6 kýr, þvottaherbergi, og geymsluherbergi. Húsið er allt sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 3.4 m. skáþak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	12.593.-
<p>b. Inngönguskúr er við húsið, með kjallara undir, byggður eins og það að öllu leyti. Steinsteyputröppur eru við skúrinn og geymsluklefi undir þeim.</p> <p>Stærð: L. 1.8 m. br. 2.8 m. h. 3.0 m. skáþak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.049.-
<p>c. Áburðarhús, úr steinsteypu, bæði veggir, gólf og þak er úr járnþentri steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 6.5 m. br. 4.5 m. h. 1.9 m. skáþak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	1.142.-
<p>d. Hænsnahús, úr bindingi, klætt utan með borðum og pappa þar yfir á veggjum. Þak er úr bárujárni á langböndum. Allt er það þiljað innan og stoppað á milli þiljað og í því er tvöfalt timbur gólf, með stoppi á milli.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 3.2 m. h. 2.4 m. h. 2.4 m. skáþak.</p> <p>Húskot: L. 5.0 m. br. 1.7 m. h. 1.9 m. skáþak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	1.395.-
<p>e. Heyhlaða, úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum.</p> <p>Stærð: L. 5.6 m. br. 5.5 m. h. 4.0 m. ris 2.0 m.</p> <p>Hlaðan er virt á.....</p>	1.848.-
	Samtals 18.027.-

Íbúðarhúsið er óbreytt frá síðasta mati 21/9/1926, en eldri útihús rífin og í þeirra stað byggð hlaða úr steinsteypu með þaki klæddu járn á langböndum. Afast við hana er fjós, byggt á sama hátt, þiljað er neðan á skambita og sperrur og stoppað í milli. Þar eru 5 básar úr timbri. Safnþró er undir fjósinu.

Gata og númer:

Sogavegur, Vonarland.

Möt framkvæmd: 27/2/ 1970.	Metið kr.
A. Íbúðarhús: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 3.4 m. skápak, kjh. 2.1 m.	
" Inng.skúr: L. 1.8 m. br. 2.8 m. h. 3.0 m. skápak, kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	69.100.-
B. Hlaða: L. 5.2 m. br. 5.5 m. h. 4.0 m. ris 2.0 m.	
Hlaðan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	14.300.-
C. Fjós: L. 4.5 m. br. 5.5 m. h. 2.5 m. ris 2.0 m. kjh. 2.2 m.	
Fjósið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	15.100.-
Samtals	98.500.-
<hr/>	
Virt 27/2/ 1970.	
<p>1. hæð. A. Íbúðarhúsið, er óbreytt.</p> <p>B. var áður hlaða, en er nú varahlutasala f.bíla. Íbúðarhúsið ekki komið í tryggingu. Það er hæð,kjallari, og ris. Á jarðhæð eða Kjallara eru skrifstofur, sýnishornaherbergi. Á hæðinni eru 4. herbergi eldhús og v.s. á þakhæðinni eru 4. herbergi og gangur,</p> <p>A. 6.9 m., br. 6.9 m., h. 3.4 m., kj. 2.1 m.,</p> <p>L. 1.8 m., br. 2.8 m., h. 3.0 m., skápak. kj. 2.1 m. } = 288.0m³.....Kr. 778.000.-</p> <p>B-C. L. 9.7 m., br. 9.9 m., h. 2.7 m., ris. 2.5 m., } = 650 m³.....Kr 650.000.-</p> <p>L. 5.50 m., br. 9.9 m., h. 1.5 m.,</p> <p>D: L. 9.70 m., br. 8.6 m., h. 2.8 m., ris. 4.00 m., kj. 2.6 m., = 617 m³.Kr 2.540.000.-</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt áKr 3.540.000.-</p>	
<hr/>	
Virt: 9/12 1981.	
<p>Húsið er nú endurmetið til hækkunar og er einnig metin viðbygging við húsið.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A.liður: = 288 m³ 374.400.-</p> <p>B. " = 461 m³ 461.000.-</p> <p>C. " L. 21.10 m., Br. 15.60 m., H. 4.70 m. = 1.490 m³ 968.500.-</p> <p>D. " = 617 m³ 812.100.-</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 2.616.400.-</p>	

Gata og númer:

Sogavegur. (Sogam. 6)

Möt framkvæmd: 1/2/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan borðum og múrhúðað á vir á veggjum og með asbestbaki á borðasúð. Pappi er í útveggjabindingi. Húsið er allt þiljað innan, vírlagt, múrsléttað og málað. Steinsteypugólf og grunnur er undir húsinu. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., geymsluherbergi, anddyri og gangur.</p>	
Stærð: L. 7.0 m. br. 6.8 m. h. 2.7 m. ris 1.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	29.160.-